
Ársskýrsla Landbúnaðarstofnunar



2006

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ	5
Fjármál	5
Starfsmenn	6
DÝRAHEILBRIGÐISSVIÐ	7
Dýralæknir svínasjúkdóma.....	7
Dýralæknir hrossasjúkdóma	15
Dýralæknir Fiskjúkdóma.....	17
Dýralæknir sóttvarna	28
Dýralæknir loðdýrasjúkdóma	31
Dýralæknir alifugla	32
MATVÆLA- OG UMHVERFISSVIÐ	35
Matvælaöryggi	35
Eftirlit með sáðvöru.....	38
Eftirlit með áburði	39
Fóðureftirlit.....	40
Plöntueftirlit	44
STJÓRNSÝSLUSVIÐ.....	45
Veiðimál - stjórnsýsla og eftirlit.....	45
Yfirkjötmat.....	48

Inngangur

Landbúnaðarstofnun hefur nú lokið sínu fyrsta starfsári, en hún hóf störf 1. janúar 2006. Mikilvægum áfanga var náð í október 2006 þegar stofnunin flutti í nýjar höfuðstöðvar að Austurvegi 64 á Selfossi, en þar var starfsemi sameinuð á einum stað. Með reglugerð um skipulag og starfsemi stofnunarinnar var innra stjórnskipulag ákvarðað og starfinu skipt á fjögur svið, en þau eru Rekstrar- og þjónustusvið, Stjórnsýslusvið, Dýraheilbrigðissvið og Matvæla- og umhverfissvið. Þá rekur stofnunin fjórtán umdæmisskrifstofur um allt land og miðast starfssvæði þeirra við umdæmi héraðsdýralækna.

Skipurit Landbúnaðarstofnunar mun taka breytingum á árinu 2007 og mun það skipurit sem hér birtist gilda frá 1. júlí 2007. Megin breytingin er sú að þá bætist við nýtt svið, sem fer með áhættumat og gæðamál.

Á fyrsta starfsári hefur Landbúnaðarstofnun lagt áherslu á að skilgreina hlutverk sitt, setja fram greinargott yfirlit yfir verkefni, skilgreina markmið og móta sér framtíðarsýn. Verkefnin eru fjölbætt eins og sjá má af skipuriti stofnunarinnar. Þessum verkefnum var áður sinnt af Yfirdýralækni, Veiðimálastjóra, Kjötmatsformanni og Aðfangaeftirlitinu, en þessar stofnanir voru lagðar niður í lok ársins 2005. Þá tók Landbúnaðarstofnun yfir verkefni frá landbúnaðarráðuneytinu, Landbúnaðarháskóla Íslands og Bændasamtökum Íslands. Það var því ögrandi verkefni fyrir starfsfólk Landbúnaðarstofnunar að taka þátt í að móta nýja stofnun, byggja upp góða starfsaðstöðu og tryggja að framhald yrði á árangursríku starfi við eftirlit og stjórnsýslu, sem áður var sinnt af framangreindum aðilum.

Landbúnaðarstofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti og þjónustu við íslenskan landbúnað, fyrirtæki og neytendur. Megin hlutverk hennar má draga saman með eftirfarandi hætti:

Hlutverk

- standa vörð um heilbrigði dýra og plantna
- stuðla að öryggi matvæla og neytendavernd
- stuðla að aukinni velferð dýra
- hafa eftirlit með áburði, fódri, sáðvöru og veiði í ám og vötnum
- sinna stjórnsýslu vegna kjötmats, veiðimála, fiskeldis, lífrænnar matvælaframleiðslu, almenns búfjárefnirlits og búvara.

Eins og sjá má ná verkefnin yfir alla fæðukeðjuna, auk þess sem stofnunin sinnir dýravelferð og ýmsum stjórnsýsluverkefnum. Með hliðsjón af þessu hefur stofnunin sett sér eftirfarandi vígorð, sem er “FRÁ HEILBRIGÐI TIL HOLLUSTU”. Er þar fyrst og fremst höfðað til verkefna sem stofnunin fer með vegna heilbrigðis dýra og plantna og hollustuhátta við framleiðslu matvæla.

Við mótun framtíðarsýnar var einnig horft til þess að stjórnvöld vinna nú að tillögum um breytingar á EES-samningnum, sem munu leiða til þess að matvælaölggjöf Evrópusambandsins tekur gildi hér á landi áður en langt um líður. Í þessu felst samræming á kröfum um hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og ein afleiðing af því er að skilyrði vegna innflutnings á kjöti, mjólkurvörum og öðrum landbúnaðarafurðum frá Evrópska efnahagssvæðinu (EES) taka breytingum. Niðurstaðan getur orðið sú að aukið frelsi komist á í viðskiptum með matvæli, en hafa ber í huga að EES-samningurinn nær ekki til tolla og sértækra ráðstafana, sem stjórnvöld ákvarða til stuðnings íslenskum landbúnaði. Hins

vegar er ljóst að Landbúnaðarstofnun mun fá aukin verkefni þegar breytingar á EES-samningnum taka gildi og framtíðarsýn hennar tekur mið af þessu:

Framtíðarsýn

- Velferð og heilbrigði dýra í ómenguðu umhverfi er ein verðmætasta auðlind hvarrar þjóðar. Íslenskur landbúnaður er í fremstu röð hvað varðar heilbrigði dýra og plantna, ásamt heilnæmi afurða. Landbúnaðarstofnun mun standa vörð um þessa auðlind og auka verðmæti hennar.
- Með auknu frelsi í viðskiptum verða breytingar á íslenskum neytendamarkaði. Landbúnaðarstofnun mun stuðla að gæðum landbúnaðarafurða, vinna að matvælaöryggi og öflugri neytendavernd í breyttu viðskiptaumhverfi.

Brýnustu verkefni Landbúnaðarstofnunar í nánustu framtíð eru að tryggja vandaða stjórnslu og öflugt eftirlit til að tryggja heilbrigði dýra og plantna, velferð dýra og öryggi matvæla. Gæðastjórnun verður höfð að leiðarljósi og markmiðið er að efla innviði stofnunarinnar og tryggja gegnsæi í störfum gagnvart samstarfsaðilum og viðskiptavinum. Undirritaður vill þakka samstarfsfólki fyrir vel unnin störf á fyrsta starfsári Landbúnaðarstofnunar og vonast til þess að með samstilltu átaki náist þau markmið, sem nú hafa verið sett, bæði til skemmri og lengri tíma.

Júlí 2007
Jón Gíslason, forstjóri



Landbúnaðarstofnun

Agricultural Authority of Iceland
Forstjóri

Áhættumat : Gæðastjóri		
Áhættumat Gæðastjórnun Innri úttektir Súnur	Matvæli og umhverfi : Forstöðumaður	Dýraheilbrigði : Yfirdýralæknir
Stjórnsýsla : Forstöðumaður	Áburður og fæður Matvælaöryggi Plöntusjúkdómar Sáðvara Veiðimál og fiskeldi	Dýrasjúkdómar Dýravælfæri Heilbrigði dýra Sóttvarnir Stórf dýralækna
Alþjóðasamningar Leyfisveitingar Lögfræði og löggjöf Yfirkjömat		
Rekstur og þjónusta : Forstöðumaður		
Ætlanagerð Fjármál Starfsmannamál Stoðþjónusta		
Umdæmisskrifstofur : Héraðsdýralæknar		
Gullbringu- og Kjósarumdæmi Borgarfjarðar- og Myraumdæmi Austur-Húnaþingsumdæmi Austur-Skaftafellsumdæmi Austurlandsumdæmi nyrðra	Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi Snæfellsnesumdæmi Vestur-Húnaþingsumdæmi Vestur-Skaftafellsumdæmi Austurlandsumdæmi syðra	Þingeyjarumdæmi Vestfirjarumdæmi Dalumdæmi Suðurlandsumdæmi

Rekstrar- og þjónustusvið

Rekstrar- og þjónustusvið hefur umsjón með þeim fjármunum og fjárheimildum sem Landbúnaðarstofnun hefur til umráða ásamt því að sinna stoðþjónustu við allt starfsfólk stofnunarinnar. Helstu verkefni rekstrarsviðs eru fjárhagsáætlanir, fjárlagatillögur, starfsmannamál, kostnaðareftirlit og almennur rekstur skrifstofu stofnunarinnar ásamt eignausmjón húsnæðis og farartækja. Árið 2006 var sérstakt að því leyti að umtalsverð vinna og fjármagn fór í að byggja upp grunnaðstöðu fyrir stofnunina í húsnæði og tækja- og hugbúnaði eins og sjá má m.a. á eignakaupum síðasta árs sem námu 24,3 mkr.

Fjármál

Fjárheimildir Landbúnaðarstofnunar í fjárlögum og fjáráukalögum 2006 náum alls 532,1 mkr. Staða fjárheimilda í byrjun árs 2006 var neikvæð um 99,9 mkr. sem var uppsafnaður rekstrarhalli þeirra stofnana sem færðar voru undir Landbúnaðarstofnun. Staða fjárheimilda í árslok 2006 var aftur á móti neikvæð um 10,5 mkr. en 89,5 mkr. tekjuafgangur var af rekstri stofnunarinnar á árinu 2006.

Rekstrarreikningur árið 2006

Tekjur

Sértekjur.....	12.923.534
Ríkistekjur.....	162.690.508
	<u>175.614.042</u>

Gjöld

Laun og launatengd gjöld.....	414.721.345
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....	17.056.209
Funda- og ferðakostnaður.....	29.501.515
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	91.279.266
Annar rekstrarkostnaður.....	23.019.464
Húsnæðiskostnaður.....	18.435.293
	<u>594.013.092</u>
Eignakaup.....	24.284.573
	<u>618.297.665</u>


Gjöld umfram tekjur fyrir ríkisframlag (442.683.623)

Ríkisframlag.....	<u>532.100.000</u>
-------------------	--------------------

Tekjuafgangur ársins 89.416.377


Starfsmenn

Alls voru starfandi 44 starfsmenn í ársbyrjun en 51 í árslok. Kvenmenn eru færri eða 17 samanborið við 34 karlmenn og var meðalaldur starfsmanna 49,3 ár. Starfsmannavelta ársins var 12,6%. Menntun starfsmanna er þannig háttáð að 90% starfsmanna eru með háskólapróf en 76% af þeim eru dýralæknar. Fjöldi ársverka í dagvinnu var 55,7 og greiddar voru 9.500 yfirvinnustundir.




Myndin hér að neðan sýna fjölda starfsmanna eftir sviðum og verkefnum brotið niður á kyn en héraðsdýralæknar eru lang stærsti hópurinn með 16 starfsmenn í 14 umdæmisskrifstofum um allt land en í þremur þeirra starfa einnig 8 eftirlitsdýralæknar.

Fjöldi starfsmanna eftir sviðum



Aldursdreifing starfsmanna er nokkuð jöfn eins og sést á meðfylgjandi mynd en fjölmennasti hópurinn, 12 talsins, er á aldersbilinu 55-60 ára. Hlutfall karla er umtalsvert meira á aldersbilinu 46-70 en kvenna eða tæp 90% af starfsmönnum á því aldersbili.

Aldursdreifing starfsmanna



Dýraheilbrigðissvið

Skýrslur sérgreinadýralækna

Dýralæknir svínasjúkdóma

Svínabúin

Svínaræktin heldur áfram að þróast. Þung ár í íslenskri svínarækt á árunum 2003 – 2004 hafa haft áhrif m.a. í þá veru að einstaka svínabændur hafa látið af rekstri sinna búa eða selt þau eftir reynslu þessara ára. Algengara er nú að fleiri bú tilheyri sama fyrirtæki og hefur því eigendum búa fækkað þó svo fjöldi svínabúanna sé svipaður á milli ára.

Samkvæmt bráðabirgðatölum úr vorskodun 2006 var fjöldi gyltna á landinu 4.111 á 17 gyltubúum. Meðalstærð búanna er samkvæmt þessu um 242 gyltur. Sjá 1. töflu.

1. tafla. Nokkrar kennitölur svínabúa með gyltur og svínabúa með eldisgrísi. Vorskodun 2006 - bráðabirgðatölur.

	Landið	Landshlutar			
	Fjöldi	S - SV	V	N	A - SA
Gyltubú*	17	10	2	4	1
Eldisbú**	5	2	2	1	0
Samtals bú	22	12	4	5	1
Gyltur (vorskodun)	4.111	2.910	627	564	10
Meðalstærð í gyltum	241,8	291	313,5	141	10
Geltir	94	59	18	15	2
Grísir	38.858	18.028	15.297	5.370	163
		Landið			
Stærð gyltubúa	Alls	1 - 50 ♀	51 - 100 ♀	101 - 200 ♀	201 - 680 ♀
Fjöldi	17	3	3	4	7
Stærð eldisbúa, Fj. grísa	Alls		< 500 gr.	500 - 2000 gr.	> 2000 gr.
Fjöldi	5		2	2	1

Gyltubú* = Gyltur og grísir

Eldisbú** = Eingöngu grísir

Svín eru af og til á fjórum öðrum stöðum á landinu, þ.e. í Einangrunarstöð S.F.Í. í Hrísey, í Húsdýragarðinum í Reykjavík, í Töfragarðinum á Stokkseyri (á sumrin) og dýragarðinum í Slakka (á sumrin). Fjöldi gyltna og grísa á þessum fjórum stöðum er ekki talinn með í framangreindum töflum. Gyltufjöldi í Hrísey er mjög misjafn eftir aðstæðum og innflutningi en í Húsdýragarðinum eru oftast 1 - 2 gyltur, einn göltur og nokkrir grísir. Algengt er að á sumrin séu 1 - 2 grísir í Slakka og í Töfragarðinum.

Kynbótastarf

Svín voru flutt inn tvisvar sinnum á árinu frá Noregi þann 31. janúar og 12 desember. Eftir um 3 mánaða einangrunartíma í Hrísey voru afhent rúmlega 200 svín til 14 svínabúa úr fyrsta innflutningi en svín úr þeim síðari verða afhent á árinu 2007 verði flutningur í land heimilaður.

Í fyrri innflutningi voru aðallega fluttar inn LL gyltur ásamt nokkrum göltum í þeim tilgangi að byggja upp landrasakjarna á hverju búi eins og skýrt var út í ársskýrslu svínaræktarráðunauts og dýralæknis svínasjúkdóma fyrir árið 2005. Í seinni innflutningi ársins voru aðallega fluttar inn LY gyltur enda töldu svínabændur þörf á slíkum innflutningi áður en síðari innflutningur LL gyltnanna færi fram. Gera má ráð fyrir því að S.F.Í. sæki um innflutning á LL gyltum á árinu 2007. Verði sá innflutningur heimilaður lýkur þar með innflutningi á LL gyltum fari allt eftir áætlun í kynbótastarfinu. Þá verður eingöngu þörf á að flytja inn gelti til þess að viðhalda LL gyltustofninum, rækta LY gyltur og LYLD eldisgrísi.

Svínaræktarfélagið er áfram í samstarfi við Norsvin International í Noregi og greiðir þeim árgjald sem veitir þeim rétt til kaupa á kynbótadýrum sem þeir væru norskir svínabændur.

Eftirlit með merkingum búfjár

Tekið var upp á landsvísu samræmt eftirlit með merkingum búfjár. Sérstakar bækur með skráningareyðublöðum voru útbúnar fyrir héraðs- og eftirlitsdýralækna til útfyllingar við eftirlit í sláturhúsum landsins. Merktu héraðs- og eftirlitsdýralæknar við búfjártegund og hvað væri ábótavant þegar meintra brota varð vart á reglugerð nr. 289/2005 með síðari breytingum um merkingar búfjár. Alls bárust á árinu 561 tilkynning um meint brot á merkingar búfjár. Sjá 2. töflu um sundurliðun tilkynninga.

2. tafla. Sundurliðun tilkynninga um meint brot á reglugerð um merkingar búfjár eftir búfjártegundum.

Búfjártegund	Fjöldi tilkynninga
Nautgripir	330
Sauðfé	187
Hross	39
Svín	5
Alls fjöldi tilkynninga	561

Ef fram kom á tilkynningum að nautgripir væru ómerktir sendi Landbúnaðarstofnun viðkomandi umráðamanni búfjár bréf þar sem bent var á meint brot á reglugerð og óskað eftir því að farið væri eftir ákvæðum hennar um merkingar nautgripa. Nokkur viðbrögð urðu vegna útsendra bréfa en telja má að ómerktum nautgripum hafi fækkað.

Tilkynningar- og skráningarskyldir sjúkdómar

Vísað er í ársskýrslu Landbúnaðarstofnunar um skráningarskylda sjúkdóma.

Sjúkdómurinn PMWS (**P**ostweaning **M**ultisystemic **W**asting **S**yndrome) var greindur í fyrsta sinn í svínunum hér á landi á einu svínabúi. Sjá nánari umfjöllun um hann hér neðar. Aðrir nýir sjúkdómar greindust ekki.

Uppræting sjúkdóma

Á einu svínabúi voru aðgerðir til upprætingar kláða skipulagðar í samvinnu við dýralækni búsins, Sigurborgu Daðadóttur. Var lyfjameðhöndlun gegn kláða framkvæmd og sá dýralæknir búsins um framkvæmdina. Að þessum aðgerðum loknum er ekki vitað um önnur svínabú smituð af kláða. Er líklegt að nú séu öll svínabú landsins laus við smit og kláðamaur þar með verið upprættur úr íslenskri svínarækt.

Bóluefni

Áfram eru notuð bóluefni við sjúkdómunum Snúðtrýni, Kregðu, Illkynja lungnabólgu, Rauðsýki, *E. coli* spenagrísaskitu og Parvo (smitandi fösturdauði) og nú í fyrsta sinn bóluefni við Sortuexemi á einu búi.

Eins og getið var um í ársskýrslu DS/SR frá árinu 2005 var Sortuexem viðloðandi á einu búi. Þetta er fremur óalgengt hér á landi. Ákveðið var að reyna einangrun bakteríunnar (Eggert Gunnarsson, Keldum) sem veldur sjúkdómnum í þeim tilgangi að útbúa bóluefni við sýkingunni. *Staphylococcus hyicus* stofn var einangraður á Keldum úr skrapstýni af húð af grís frá viðkomandi búi og sendur til Danmerkur þar sem framleiðsla á bóluefni fór fram gegn bakteríunni. Keldur fluttu bóluefnið inn til landsins til notkunar á búinu. Þetta er eins og áður er sagt í fyrsta sinn sem bóluefni er framleitt úr bakteríustofni einangruðum úr svínum hér á landi.

PMWS sjúkdómurinn/heilkennið greindur í fyrsta sinn hér á landi

Upp úr miðju sumri 2005 urðu eigendur svínabúsins varir við aukin vanþrif og vanhöld fráferugrísanna. Viðloðandi var einnig sortuexem í fráferugrísunum (sjá bóluefni) sem var óvenjulegt. Tekið var einnig eftir því að eldisgrísir urðu ójafnir og vaxtarhraði þeirra mismunandi sem einnig var óvenjulegt. Töldu eigendur þessi einkenni vera afleiðingar tæknilegra vandamála sem upp komu um sumarið við fýðun grísanna, en ný afhending sojamjòls hafði verið skemmd og stíflað fýðurrör í fráferugrísadeildum. Tók talsverðan tíma að leysa úr þessu vandamáli sem kom niður á grísunum. Þrátt fyrir að tæknileg vandamál hefðu verið leyst þar áfram á einkennum í nýjum hópum fráferðra grísa. Vanhöld fráferugrísanna hækkuðu úr 2 – 3% í allt að 9%.

Í janúar 2006 óskuðu eigendur eftir aðstoð við úrlausn þessa vandamáls og varð úr að dýralæknir svínasjúkdóma og Eggert Gunnarsson dýralæknir á Keldum heimsóttu búið. Voru einkenni í grísunum staðfest, þ.e. aukin vanhöld og vanþrif eftir fráferur auk þess sem grísahópar í eldi voru ójafnir. Sortuexem sást á fráferugrísunum. Tekið var eftir stækkuðum eitlum á nokkrum fráferugrísunum neðarlega á kvið þeirra (inguinal svæði). Tekin voru 15 blóðsýni úr grísunum og gyltum. Há mótrefni mældust gegn circoveiru í 11 sýnum. Aflífaðir voru 7 grísir auk þess sem stroksýni voru tekin af húð (sjá umfjöllun um bóluefni). Grísir voru krufðir og rannsakaðir á Keldum (Einar Jörundsson, dýralæknir) og komu í ljós breytingar við smásjárskoðun sem sterklega bentu til circoveirusýkingar. Sýni voru send til Danmerkur og var circoveiran staðfest í sýni ásamt breytingum í vefjum. Að þessum þremur skilyrðum uppfylltum, þ.e. klíniskum einkennum í grísunum, einkennandi breytingum í vefjum (smásjárskoðun) og staðfestingu veirunnar í þeim var hægt að sjúkdómsgreina tilfellið sem PMWS.

Með ýmsum aðgerðum á búinu tókst eigendum svínabúsins að hefta verulega einkenni sjúkdómsins þannig að vanhöld urðu minni sem og vanþrif fráferu-grísanna.

Salmonella


Breyting varð á eftirliti með *Salmonella* í svínum á árinu. Frá og með 1. október tók við ný eftirlitsaðferð. Fram að þeim tíma var eftirlit með nýjum *Salmonella* tilfellum framkvæmt með vöndulsýnatökum. Þar sem ástæða þótti til að hafa eftirlit með búunum stöðugt yfir tíma, nákvæmara og einnig réttlátara gagnvart svínabændum var eftirliti formlega breytt úr vöndulsýnatökum yfir í mælingar á mótrefnum gegn *Salmonella* með vöðvasýnatökum (kjötsafaprófið) úr svínaskrokkum ásamt stroksýnum af skrokkum við slátrun grísanna. Vísað er í handbók Landbúnaðarstofnunar um kjötsafaprófið um frekari útlistun á framkvæmd

eftirlitsins og faglegan bakgrunn þess. Hér má nefna að meginbreytingin felst í því að nú er litið á alla svínarækt í heild sinni sem hugsanlegan áhættuþátt m.t.t. *Salmonella* en ekki einstök bú.

Fram að 1. október greindist ekkert nýtt bú smitað af *Salmonella* samkvæmt eldri skilgreiningu. Tvö bú voru skilgreind laus við *Salmonella* enda höfðu tvær sýnatökur leitt í ljós að *Salmonella* greindist ekki í sýnum teknum með 4 vikna millibili. Fækkaði því smituðum búum úr fimm í þrjú samkvæmt eldri skilgreiningu. Sjá 1. mynd um samanburð frá 1. janúar 2000 – 1. október 2006. Sjá einnig kafla um eftirlit.

1. mynd. Fjöldi búa smituð af *Salmonella*.

Samanburður árána 1. janúar 2000 – 1. október 2006.



Samkvæmt eldri skilgreiningu telst svínabú smitað af *Salmonella* þegar bakterían greinist í saursýnum frá búinu.

Staða mála m.t.t. *Salmonella* á búum og í sláturhúsum var góð á árinu. *Salmonella* greindist sjaldnar en áður í strok- og saursýnum en oftar í vöndulsýnum. Helst greinist *Salmonella infantis*. Á árinu eða þann 28. og 29. ágúst, greindist *Salmonella bareilly* í vöndulsýni frá sitthvoru búinu. *Salmonella bareilly* hefur ekki greinst áður úr sýnum úr svínunum svo vitað sé. Ekki hefur frekað borið á þessari bakteríu og hún sennilega horfið en ekki er ólíklegt að hún hafi borist með fóðri.

Kjötsafapróf

Mótefni gegn *Salmonella* greindust í kjötsafaprófi frá 1. október – 31. desember frá 5 búum en samkvæmt kjötsafastuðli raðast öll búin í flokk 1. Þar sem kjötsafastuðull er lágur í 5 tilvikum verður ástand m.t.t. niðurstaðna úr kjötsafaprófi að teljast mjög gott á svínabúum landsins.

Lítur út fyrir að aðgerðir svínabænda til þess að halda tíðni *Salmonella* í lágmarki skili sér. Sjá niðurstöður úr kjötsafaprófi í 3. töflu.

3. tafla. Niðurstöður og röðun bóa í flokka samkvæmt kjötsafaprófi frá 1. október – 31. desember 2006.

Vikur	Fjöldi bóa með eftirfarandi stuðla:			Skilgreining	Röðun bóa
	0	1 – 30	Vantar		
30 – 42	4	2	12	Stuðull 0 – 30	Flokkur 1
32 – 44	6	3	9	Stuðull 31 – 60	Flokkur 2
34 – 46	8	4	6	Stuðull > 60	Flokkur 3
36 – 48	9	4	5		
44B38 – 50	10	4	4		
48B40 – 52	14	2	2		

Fjöldi bóa með stuðul 0 hefur aukist á tímabilinu og var svo komið að á síðustu 13 vikum ársins voru 14 bú með stuðul = 0. Á sama tímabili voru 2 bú með stuðul 1 – 30 og 2 bú sem ekki náðist að reikna út stuðul fyrir. Ástæða þess að ekki náðist að reikna út stuðul (sjá þróun í reitum = Vantar) fyrir öll búin á tímabilinu var sú að fjöldi sýna var ekki nægilegur í upphafi. Gera má ráð fyrir því að á árinu 2007 verði sýnataka samfelld og því ávallt hægt að reikna út stuðul fyrir hvert bú.

Eftirlit

Héraðs- og eftirlitsdýralæknar fara með eftirlit á svínabúum og í svínasláturhúsum. Eftirlit með lyfjaleifum í svínaafurðum fór fram með sama hætti og áður. Vísað er í tölur frá dýralækni heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða um niðurstöður þessara rannsókna.

Á árinu 2006 voru alls rannsökuð 1.533 sýni vegna *Salmonella*. Sjá 4. töflu.

4. tafla. Rannsóknir sýna vegna *Salmonella* - yfirlit 2006.

Tegund sýnis	Fjöldi	Niðurstaða
Saursýni	424	Sjá 7. töflu
Vöndulsýni	100	Sjá 8. töflu
Stroksýni	1.009	Sjá 8. töflu
Alls	1.533	

Ræktun saur- og vöndulsýna fór fram á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði og Rannsóknþjónustunni Sýni ehf. Rannsókn á stroksýnum fór fram á sömu stöðum.

Saursýni

Sýnatökur á svínabúunum eru oftast framkvæmdar:

- A) Að ósk eigenda í þeim tilgangi að meta stöðu búanna (smituð/ekki smituð) m.t.t. *Salmonella*.
- B) Ef ástæða þykir til taka héraðsdýralæknar sýni á svínabúunum, t.d. ef vöndull er jákvæður m.t.t. *Salmonella* í sláturhúsi þegar grísimum er slátrað.
- C) Þar sem aðstæður henta á smituðum búum, í þeim tilgangi að meta hvort grísahópur sé jákvæður eða neikvæður m.t.t. *Salmonella*.

5. tafla. Rannsóknir á saursýnum. Niðurstöður úr *Salmonella* ræktun.

	Fj. skipta *	Fj. safnsýna**	Niðurstaða***	Hlutfall
Hrísey/SFÍ	1	14	0/14	0%
Bú nr. 1	1	24	0/24	0%
Bú nr. 2	8	224	0/224	0%
Bú nr. 3	3	90	0/90	0%
Bú nr. 4	7	52	3/52	5,76%
Bú nr. 5	1	20	0/20	0%
Alls	21	424	3/424	0,70%

Fj. skipta * = Hversu oft sýni eru send inn til rannsókna.

Fj. safnsýna ** = Hvert safnsýni samanstendur oftast af 5 x 5 g af saur og geta verið tekin úr 1 - 3 stíum eða básum.

Niðurstaða*** = Talan vinstra megin við skástrikið gefur til kynna hversu mörg safnsýnanna voru jákvæð (*Salmonella* greinist) miðað við heildarfjölda sýna sem er hægra megin við skástrikið.

Salmonella infantis greindist við tvær saursýnatökur frá 1 búi. Í fyrra skiptið greindist bakterían í 1 saursafnsýni en seinna skiptið greindist sama baktería í tveimur saursafnsýnum frá búinu. Týpugreining *Salmonella* fór fram á Landsspítala Íslands - Háskólasjúkrahúsi.

Niðurstöður eftirlits með *Salmonella* í sláturhúsum

Á árinu var svínum slátrað hjá 7 sláturleyfishöfum. Vöndulsýni í sláturhúsum skulu tekin frá búum sem ekki eru smituð af *Salmonella* einu sinni í mánuði samkvæmt reglum Landbúnaðarstofnunar. Héraðs- eða eftirlitsdýralæknar taka stöku sinnum vöndulsýni að auki ef sérstök ástæða þykir til. Stroksýni eru tekin af skrokkum frá búum þar sem *Salmonella* hefur greinst í saursýnum og eftir 1. október frá öllum búum í flokki 1. Í 6. töflu má sjá niðurstöður úr sýnarannsóknum sem framkvæmdar voru á árinu í 7 sláturhúsum.

6. tafla. Niðurstöður eftirlits með *Salmonella* í sláturhúsum, vöndul- og stroksýni.

Sláturleyfishafi	Vöndulsýni*	Stroksýni skrokkar**			Fj. skrokka rannsakaðir
		Vidas próf	Tecra próf	Alls stroksýni	
Nr. 1	0/9	0	0	0	0
Nr. 2	0/31	0	0/73	73	760
Nr. 3	0/1	0	0/3	3	30
Nr. 4	0/15	1/68	1/37	105	702
Nr. 5	12/44	3/555	6/255	810	6.511
Nr. 6	0/0	0	0/11	11	110
Nr. 7	0/0	0	0/7	7	71
Allir	12/100	4/623	7/386	11/1.009	8.184
Jákvæð sýni	12 %	0,64 %	1,81 %	1,09 %	

Vöndulsýni* = Sýni úr niðurföllum. Talan vinstra megin við skástrikið gefur til kynna hversu mörg sýnanna voru jákvæð (*Salmonella* greinist) miðað við heildarfjölda sýna sem er hægra megin við skástrikið.

Stroksýni skrokkar** = Algengast er að taka sýni af 5 skrokkum og rannsaka sem 1 safnsýni. Stöku sinnum kemur fyrir að fjöldi skrokka er meiri eða minni í hverju safnsýni og fer það eftir aðstæðum hverju sinni. Talan vinstra megin við skástrikið gefur til kynna hversu mörg sýnanna voru jákvæð (*Salmonella* greinist) miðað við heildarfjölda sýna sem er hægra megin við skástrikið. Eftir 1. október 2006 er algengt að tekin séu 1 x 10 stroksýni og þau rannsökuð sem 1 safnsýni.

Rannsóknir á stroksýnum fóru fram á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði og Rannsóknþjónustunni Sýni ehf.

Eins og fram kemur í 6. töflu greindist *Salmonella* í vöndulsýnum við 12 sýnatökur. Sjá nánari útlistun á þessum greiningum í 5. töflu.

7. tafla. Niðurstöður úr vöndulsýnatökum

Svínabú	Dags. sýnatöku	<i>Salmonella</i>
A	18/7, 2/8 og 19/8	3 x <i>S. infantis</i>
B	11/7, 29/8, 26/9 og 10/10	3 x <i>S. infantis</i> , 1 x <i>S. bareilly</i>
C	28/8 og 25/9	1 x <i>S. infantis</i> , 1 x <i>S. bareilly</i>
D	25/8	<i>S. sp</i> (greining tókst ekki)
E + C + F	18/12	<i>S. infantis</i>
C + B	19/12	<i>S. infantis</i>


Týpugreining *Salmonella* fór fram á Landsspítala Íslands - Háskólasjúkrahúsi.

Stroksýni voru tekin af 8.184 skrokkum. Þar sem um safnsýni er að ræða getur fjöldi skrokka í hverju safnsýni verið 5 (algengast) en getur verið frá 1 – 20. Ef 1 safnsýni reynist jákvætt geta því allir 5 skrokkarnir (max) verið mengaðir eða einungis 1 (min) þeirra. Miðað við heildarfjölda jákvæðra stroksýna, sem er 11 eins og kemur fram í 8. töflu og hversu margir skrokkar stóðu á bak við viðeigandi stroksýni reyndust min mengaðir skrokkar vera 11 og max mengaðir skrokkar vera 90. Hlutfall mengaðra skrokka hefur því verið á bilinu 0,13% - 1,09%. Sjá einnig 5. og 6. mynd um samanburð ára.


8. tafla. Fjöldi rannsakaðra skrokka.

Rannsakaðir skrokkar fj.	8.184	
Mengaðir skrokkar min	11	0,13 %
Mengaðir skrokkar max	90	1,09 %

2. mynd. Tíðni *Salmonella* í stroksýnum. Samanburður árána 2001 - 2006.



3. mynd. Fj. skrokka mengaðir af *Salmonella*. Samanburður árunna 2001 - 2006.



Tíðni *Salmonella* í stroksýnum hefur farið lækkandi frá árunum 2001 til 2006. Ástæða þess að tíðni eykst árið 2004 getur verið sú að í einu sláturhúsi var skipt um mannskap og vinnubrögð breyst tímabundið þess vegna og að í einu tilfelli menguðust 60 skrokkar við eina slátrun í öðru sláturhúsi sem bendir til að eitthvað hafi farið úrskeiðis við þá slátrun.

Dýralæknir hrossasjúkdóma

Smitsjúkdómar

Engir smitsjúkdómar greindust í hrossum á árinu. Tilkynnt var um grun um hitasótt í folöldum á stöku stað en engin dæmi voru um að þau veikindi breiddust út.

Stífkrampi varð a.m.k. einu hrossi að aldurtíla en það smitefni (*Cl. tetanus*) getur verið að finna í umhverfi hrossa, sérstaklega þar sem þau eru haldin í nábýli við hænsnfugla. Einnig drápu nokkur hross úr hræitrun (botulisma) á svæði þar sem veikin olli miklu tjóni fyrir um áratug. Dýralæknir hrossasjúkdóma (DH) hefur unnið drög að áhættumati vegna salmonellusýkinga í hrossum en ástæða er til að ætla að umhverfi hrossa geti verið salmonellu mengað á tilteknum svæðum. Aðgerðir til að fyrirbyggja að hesta-inflúensa geti borist til landsins með innflutningi á hundum voru í gildi á árinu. Nýjustu upplýsingar benda þó til þess að sú smitleið sé afar ólíkleg. Reglur um smitvarnir voru auglýstar á vefsíðunni eidfaxi.is og í Eiðföxa international í tengslum við Landsmót hestamanna sem haldið var á árinu. Sérstök viðbragðs-áætlun var sett upp í samráði við framkvæmdastjóra Landsmótsins ef upp kæmi grunur um smitsjúkdóm á mótinu.

Aðrir sjúkdómar

Til að draga úr tíðni spatts í íslenska hrossastofninum er nú farið fram á að allir stóðhestar 5 vetra og eldri séu röntgen-myndaðir áður en þeir koma til fyrsta dóms. DH sér um samræmdan aflestur myndanna og skráningu á niðurstöðum greininganna í World-Feng. Alls bárust myndir af 150 hestum til aflestrar á þessu ári og staðfest var að allir 5 og 6 vetra stóðhestar sem komu fram á Landsmóttinu 2006 voru án röntgenbreytinga í hækklum. Eigendur stóðhesta sem greinast með spatt velja undantekningalítið að sýna þá ekki í kynbótadómi og yfirleitt eru þeir geltir. Krafa um röntgenmyndatöku af stóðhestum leiðir þannig til þess að hestar sem greinast ungir með spatt eru ekki lengur notaðir til ræktunar og það mun skila lægri tíðni sjúkdómsins í hrossastofninum. Æskilegt hefði verið að fá meiri upplýsingar um hesta með röntgenbreytingar í gagnabankann til að hafa betri möguleika á að meta árangurinn af því að taka þennan þátt inn í ræktunarstarfið og til frekari rannsókna á arfgengi sjúkdómsins. Unnið er að því að gera dýralæknum kleyft að skrá allar röntgenmyndatökur inn á lokað svæði í WF þar sem upplýsingarnar geta nýtast til tölfræðilegrar úrvinnslu og rannsókna.

Á vettvangi alþjóðasamtaka íslenska hestsins, FEIF, var ákveðið að sömu reglur giltu varðandi spatt og voru þær innlimaðar í ræktunarreglur félagsins, FIZO. DH er aðildarfélag FEIF innan handar varðandi framkvæmd röntgen-myndtöku á stóðhestum.

Dýravernd

Dýralækir hrossasjúkdóma aðstoðaði við eitt umfangsmikið dýraverndarmál á árinu auk þess að sinna almennum leiðbeiningum.

Í samvinnu við Landssamband hestama-nnafélaga (LH) var aukið eftirlit með dýravernd á landsmóttinu frá því sem áður hefur verið. Öll hross sem komu til keppni í ungmennaflokki, A og B flokkum gæðinga voru skoðuð af dýralækni fyrir keppni. Fætur voru skoðaðir m.t.t. áverka og álagseinkenna og fylgst var með hestunum í upphitun. Sérstaklega var skoðað hvort sár væru í munn. Niðurstöður þessara skoðana hafa verið kynntar Landsambandi hestamannafélaga sem hefur óskað eftir áframhaldandi samstarfi á þessu sviði.

Ný reglugerð um aðbúnað hrossa tók gildi á árinu. DH átti sæti í nefnd sem endurskoðaði reglugerðina og sá um kynningu á henni með funduferð um landið.

Rannsóknir

Rannsóknir á sumarexemi héldu áfram á árinu. DH situr í verkefnisstjórn rannsóknarátaks sem miðar að því að þróa ónæmismeðhöndlun gegn sumarexemi og er samstarfsverkefni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum og Háskólans í Bern í Sviss. Verkefnið hefur gengið mjög vel að undanfögnu og hyllir nú undir að helstu markmið þess náist.

Rannsókn á tíðni sumarexems í íslenskum hrossum fæddum í Þýskalandi (mastersverkefni Lene Johanne Reiher við Háskólann í Kiel í Þýskalandi) sem DH leiðbeindi við lauk á árinu.

Rannsókn á ófrjósemi hjá hryssum, “Áhrif legbólgu og bandvefsnýmyndunar í legi á ófrjósemi hjá hryssum” hélt áfram á árinu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Dýralæknadeild Edinborgarháskóla (doktorsverkefni Charlottu Oddsdóttur) og er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu orsakir ófrjósemi hjá íslenskum hryssum.

Nýtt rannsóknaverkefni á spatti í íslenskum hestum hófst á árinu en þar er ætlunin að meta áhrif byggingar og hreyfimynturs hækilsins á tíðni sjúkdómsins.

Dýralæknir Fiskjúkdóma

Inngangur

Á ýmsu gekk fiskeldisárið 2006, nýtt framleiðslumet var slegið í slátrun eldisfisks þrátt fyrir að nokkur fyrirtæki hafi átt í rekstrarlegum erfiðleikum. Þriðja árið í röð horfðu menn fram á afar óhagstætt gengi gjaldmiðla og ofursterka íslenska krónu. Í mars féll íslenska krónan sem kom eldisgreininni til góða en að vori hafði gengið jafnað sig og fest sig í sessi en var þó hagstæðara en um langa hríð. Strax í janúar kom formleg tilkynning frá Sæsilmfri hf. í Mjóafirði, sem hefur verið okkar lang umfangsmesta laxeldisfyrirtæki, þess efnis að þeir hyggðust hætta laxeldi í sjó árið 2008. Nú lítur út fyrir að þessi áætlun komi til framkvæmda fyrr en ráðgert var, nýjustu fréttir herma að allur lax í Mjóafirði verði á bak og burt um páska 2007. Þá eru einnig blikur á lofti hvað laxeldi í Berufirði varðar og stefnir í að þar verði einungis stundað þorskeldi á næstu árum.

Í apríl 2006 samþykkti ríkisstjórn Íslands stuðning við greinina í þremur liðum. Veittar voru 25 milljónir til styrktar kynbótaverkefni í þorskeldi, 10 millj. til markaðs- og sölustarfs á bleikju og síðast en ekki síst var því heitið að fiskeldisfyrirtæki byggju við sanngjarnt verð á raforku.

Heilbrigði eldisfiska og annarra eldislagardýra var að mestu með ágætum á liðnu ári, ef frá er talin nýrnaveiki. Líkt og undanfarin tvö til þrjú ár var hart barist við bakteríuna á nokkrum vígstöðvum og allra leiða leitað við að komast að rótum vandans. Aldrei hafa fleiri villtir laxfiskar greinst með dulið nýrnaveikismit og við hrognatöku í lok árs 2006, eða alls 157 laxar og 21 sjóbirtingur úr 26 fallvötnum af þeim 51 sem rannsökuð voru. Í skjóli góðrar sjúkdómastöðu, ekki síst er varðar alvarlegar veirusýkingar, varð framhald á útflutningi laxa- og bleikjuhrogna, laxaseiða, lúðuseiða og sæeyrna á liðnu ári. Nánar verður gerð grein fyrir útflutningi eldisafurða á öðrum stöðum í þessari ársskýrslu.

Tíðarfar var fremur hagstætt og eins og áður segir varð metframleiðsla á eldisfiski til slátrunar árið 2006, eða um 18% aukning á milli ára. Framleiðsla bleikju jókst hvað mest ($\approx 46\%$) en einnig á þorski ($\approx 34\%$), laxi ($\approx 13\%$) og lúðu ($\approx 10\%$). Framleiðsla annarra tegunda stóð annað hvort í stað eða dróst heldur saman. Mestur afturkeppur varð í eldi sandhverfu sem skýrist af því að helsti framleiðandinn til margra ára, Sæbýli í Vogum, hætta rekstri árið áður og öll framleiðsla er nú komin í hendur eins aðila. Alls var slátrað um 9.960 tonnum af eldisfiski árið 2006, auk smá slatta af bæði skelfiski og risarækju.

Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 1995 - 2006

	2006	2005:	2004:	2003:	2002:	2001:	2000:	1999:	1998:	1997:	1996:	1995:
Lax:	6.894	6.094	6.020	3.710	1.471	2.645	2.602	2.926	2.778	2.600	2.990	2.880
Bleikja	1.426	977	1.336	1.670	1.540	1.320	925	880	731	644	531	471
Regnbogi:	20	50	142	180	248	105	30	70	372	489	313	379
Urriði:	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0,3	0	10
Lúða:	141	129	123	95	120	93	34	13	7,7	1,8	0	0
Sandhverfa:	47	115	62	32	9	2,7	0	0	0	0	0	0
Barri:	0	0	0	76	40	20	20	15	12	3	0	0
Þorskur:	1.410	1.050	595	393	205	70	11,2	0	0	0,5	36,9	34,8
Ýsa:	23	0	0	65	0	0	0	0	0	0	0	0
Sæeyra:	0,4	4	1,5	6,5	23,6	22,3	15,3	7,5	0,6	0	0	0
Risarækja:	0,2	0,1	0,1	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Kræklingur:	10	10	5	4	0,5	0	0	0	0	0	0	0

Eldi sjávartegunda árið 2006

Lúðueldi gekk með miklum ágætum á liðnu ári og voru framleidd um 500 þús. lúðuseiði á Hjalteyri sem er um 10% aukning frá fyrra ári. Framhald varð á útflutningi lúðuseiða (árlegur síðan 1999), alls fóru 473.500 seiði (6-19 gr.) til Noregs, 27.500 seiði (10 gr.) til Skotlands og 20.800 stórseiði (900 gr.) til Hjaltlandseyja.

Sandhverfa þykir álitleg eldistegund við íslenskar aðstæður og er áframeldi stundað hjá Silfurstjörnunni í Öxarfirði. Klakfiskur er alinn hjá Hafró við Grindavík og tókst vel til með seiðaeldi á liðnu ári. Afrakstur varð alls um 130 þús. seiði sem er í takt við eftirspurn til áframeldis.


Þorskseiðaeldi gekk mjög vel á liðnu ári á vegum IceCod ehf. og Hafró við Grindavík. Nú má segja að kynbætur séu hafnar af alvöru og 25. apríl 2006 var klakþorskur í fyrsta sinn kreistur með hefðbundnum hætti hér á landi. Í mars voru 350 verðandi klakþorskar sóttir til Salar Islandica í Berufjörð (af eldisuppruna frá Hafró) og 200 stk. til Gunnvarar í Seyðisfirði við Djúp (villtur uppruni). Samtals voru kreistar 98 hrygnur sem gáfu um 250 þús. falleg seiði sem er nokkuð umfram eftirspurn. Veiði villtra seiða til áframeldis var talsverð haustið 2006, en þá voru veidd rúm milljón smáseiða (ca. 4 gr.) í Ísafjarðardjúpi. Áframeldi á þorski í kvíum var stundað á 11 stöðum í kringum landið á liðnu ári með ágætum árangri. Af þeim 1.410 tonnum sem var slátrað á liðnu ári voru um 180 tonn úr aleldi en restin kom úr áframeldi, annað hvort á villtum smáseiðum eða undirmálsþorski.

Hlýri hefur verið alinn í tilraunaskyni á Neskaupstað síðan 2001. Klakstofn af villtum uppruna telur nú 1-200 fiska, en einnig á stöðin rúmlega 300 fiska (3,6 kg) úr sínu fyrsta klaki og urðu um 10 þeirra kynþroska haustið 2006. Tilraunir hafa staðið yfir með frjóvgun og klak með misjöfnum árangri. Haustið 2006 náðist einungis örlítið af hrognum og eru um 20 seiði að klekjast út í upphafi árs 2007. Óvíst er um framhald þessara tilrauna en þær hafa kastað ljósi á ýmis vandamál sem þarf að leysa áður en kemur að alvöru eldi.


Sæeyrnaeldi var stundað af einum aðila á liðnu ári, Haliotis á Íslandi ehf. á Hauganesi við Eyjafjörð, sem alið hefur sæeyru síðan vorið 2002. Enginn útflutningur á lifandi ungdýrum til áframeldis átti sér stað árið 2006, en var árlegur í þrjú ár þar á undan. Hins vegar voru flutt út u.þ.b. 6.400 lifandi sláturdýr (70-80 mm) til Kanada, Bandaríkjana, Englands, Belgíu og Frakklands.

Kræklingarækt hefur hægt og sígandi þróast síðan núverandi uppbygging hófst 1997 og nú stunda nokkur fyrirtæki tilraunarækt með Norðurskel í Hrísey í fararbroddi. Tugir km af söfnunarlínu fyrir lirfur eru nú í sjó og ef allt gengur eftir má reikna með 1-200 tonna framleiðslu árið 2007 og stefnt er að 1000 tonnum árið 2008. Flestir eru sammála um að möguleikar hér við land séu miklir og ef tekst að aðlaga ræktunartæknina að íslenskum aðstæðum gæti kræklingarækt orðið hliðarbúgrein sjávarbænda en mörg ljón eru þó á veginum, s.s. afrán æðarfugls, óblítt veðurfar, lagnaðarís, ofsettar söfnunarlínur og þörungaeitrun.

Ársframleiðsla í fiskeldi 1987 - 2006



Framleiðsla eftir tegundum eldisfiska 1987 - 2006



Yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma í fiskeldi árið 2006

BAKTERÍUR

Smitsjúkdómar af völdum baktería í íslenskum fiskeldisstöðvum árin 1994 - 2006

Sjúkdómur:	Ný sjúkdómatilfelli pr. ár / fjöldi fiskeldisstöðva												
	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
Hitraveiki	0	0	0	0	0	1 [*]	0	1 [*]	1 [*]	0	0	0	0
Kýlaveikibróðir	8 ^{*#}	3 [#]	6 ^{o*#}	4 ^{o*#}	2 ^{*o}	2 ^{*#}	0	0	0	1 [*]	0	0	0
Nýrnaveiki	4 ^{o*}	3 ^{o*}	3 ^{o*}	1 ^o	1 ^o	0	0	0	1 ^{*·}	0	0	1 [*]	4 ^{*·}
Rauðmunnaveiki	2 ^{o#}	3 ^{o#}	0	4 ^{*o}	0	2 ^{*o}	1 ^o	0	0	2 ^{*o}	0	0	0
Vetrarsár	0	0	0	2 [*]	1 [*]	0	0	0	0	0	0	0	1 [*]
Víbrúveiki	3 [#]	4 [#]	3 [#]	2 [#]	0	1 [#]	0	0	0	0	0	0	0
Þekjublaðra	1 [#]	1 [#]	1 [#]	0	0	0	0	0	0	3 ^{#o}	0	0	0

* Strandeldisstöð (selta: 10 - 25%) · Sjókvíaelði (full selta) ° Klak- og seiðaeldisstöð (ferskvatn) # Eldi sjávarfiska (full selta)

Hitraveiki (*Vibrio salmonicida*) er haldið niðri með öflugum bóluefni og var hvergi greind sem nýsmít á liðnu ári.

Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes*) kom nokkuð við sögu í bleikju- og þorskeldi árið 2006, en hvergi í laxeldi. Auk þess kom upp vægt tilfelli í lúðuseiðum (10-12 gr.), en fyrsta staðfesting á veikinni í lúðu var í október 2002. Nýsmít var staðfest í átta tilfellum; tvö tilfelli í áframeldisþorski í sjókvíum, eitt í þorskseiðum í strandeldi, tvö tilfelli í strandeldi bleikju, eitt í seiðastöð bleikju, eitt í áframeldi bleikju í sjókvíum og eitt í lúðuseiðum í strandeldi. Þorskurinn var ávallt óbólusetur og sömu sögu má segja um bleikju- og lúðuseiðin, en áframeldisbleikjan var að hluta til bóluset. Enn hefur ekki tekist að þróa fullgott bóluefni gegn sjúkdómnum í þorski en þörfin er aðkallandi. Bakterían greinist ár hvert úr stöku villtum fiski í laxveiðiám allt í kringum landið.

Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*) kom upp sem nýsmít í fjórum eldis-stöðvum vor og sumar 2006. Enn og aftur átti smitkveikjan sameiginlegar rætur sem rekja má eftir flóknum leiðum til villtra laxaseiða úr E-Rangá árið 2003. Þá fannst dulið smít í metfjölda laxahrygna úr laxveiðiám allt í kringum landið og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfið viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota á liðnum áratugum.

Alls voru tekin 188 nýrnaveikisýni úr laxaseiðum í 2 seiðastöðvum og 313 bleikjuseiðum í 3 eldisstöðvum árið 2006. Að auki voru tekin 315 sýni úr fullorðnum laxi og 69 úr fullorðinni bleikju (verðandi klakfiskur eða sláturfiskur) úr 5 eldis-stöðvum. Öll sýnin voru rannsökuð með ELISA-mótefnaprófi á Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum og að auki fjöldi sýna skoðaður með flúrljómun (IFAT). Þá voru töluvert mörg sýni undirbúin á Keldum og send til framhaldsrannsóknar með hjálp PCR-greiningu í Århus í Danmörku.

Samtals bárust 3.570 sýni úr **klakfiskum** til nýrnaveikirannsóknar á Keldum árið 2006, og eru niðurstöður eftirfarandi:

Lax: Alls voru rannsökuð 2.420 sýni.

Smittíðni var: 11,6% í villtum laxi (157 af samtals 1.359)
26% í eldislaxi (274 af samtals 1.057)
100% í hafbeitarlaxi (4 af samtals 4)

Árið 2006 greindust 157 **villtir klaklaxar** með nýrnaveikismit úr samtals 26 laxveiðiám af þeim 51 sem sýni voru tekin úr, eða í 51% ána. Smittíðni laxa í þessum ám var eftirfarandi:

26 úr Breiðdalsá (53%), 25 úr Eystri-Rangá (9%), 22 úr Elliðaám (81%), 14 úr Laxá í Aðaldal (70%), 11 úr Vatnsá (42%), 9 úr Hafnará (5%), 7 úr Fnjóská (88%), 6 úr Ytri-Rangá (2%), 5 úr Hrútafjarðará (36%), 5 úr Skógá (7%), 4 úr Staðarhólsá (33%), 4 úr Laxá í Leir. (24%), 2 úr Skjálfandafhljóti (100%), 2 úr Hafralónsá (67%), 2 úr Laugardalsá (29%), 2 úr Norðurá (22%), 2 úr Miðá (8%), 1 úr Flókadalsá í Fljótum (100%), 1 úr Fljótaá (25%), 1 úr Skraumu (17%), 1 úr Blöndu (11%), 1 úr Haukadalsá (10%), 1 úr Búðardalsá (10%), 1 úr Soginu (6%), 1 úr Grímsá (6%) og 1 úr Laxá í Dölum (4%).

2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991
12%	0,6%	2,7%	0,5%	0,6%	0,2%	0,4%	0%	0%	0%	0,4%	1,1%	0,6%	1,0%	3,0%	1,4%

Tíðni nýrnaveikismits í villtum klaklaxi árin 1991 - 2006

Í **eldisklaklaxi** greindist nýrnaveikismit í alls 274 laxahrygnum sem þó gefur ekki alveg rétta mynd af heildar stöðu mála. Öll þessi jákvæðu sýni greindust í klaklaxi sem alinn var sem tilraun á vegum Stofnfisks og var vitað fyrirfram að smit leyndist í hjörðinni. Klaklax þessi var fluttur annars vegar úr Mjóafirði í okt. 2005 og hins vegar úr Berufirði í nóv./des. 2005 og aftur í júní 2006. Ákveðið var að gera tilraun til að kreista laxinn við einangraðar aðstæður. Tilraunin með Mjóafjarðar-laxinn fór fram í Vogavík og lukkaðist ekki vel. Við sumarkreistingu í lok júní reyndust 30 sýni af 42 gefa útslag í ELISA-mótefnamælingu (71%). Öllum hrognum og laxi úr Mjóafirði var því samstundis fargað, stöðin þrífín og sóttþreinsuð. Berufjarðarlaxinn var kreistur í Kirkjuvogi á náttúrlegum klaktíma í lok árs 2006. Smit var í fyrstu vægt en tíðni og smitmagn jókst smátt og smátt á tímabilinu frá 9. nóvember (5,5%) til 11. desember (83%) og var þá restinni fargað (260 hrygnur). Alls voru kreistar 416 hrygnur í Kirkjuvogi og reyndust 244 af þeim bera smit þegar að kreistingu kom (59%).

Önnur sýni úr eldislaxi, sem öll reyndust án nýrnaveikismits, bárust úr þremur stöðvum á vegum Stofnfisks, þ.e. Vogavík (384), Kalmanstjörn (114) og Húsatóftum (42) og auk þess frá Rifósi (59).

Þau 4 sýni sem bárust úr **hafbeitarlaxi** komu úr gömlum laxi upprunalega ættuðum úr Kollafirði, en klaklax var þar síðast kreistur haustið 2000. Lax þessi hafði verið alinn í eldisstöð í uppsveitum Rangárvallarsýslu.

Bleikja: Rannsökuð voru alls 1.087 sýni:
Smittíðni var: 4,5% í eldisbleikju (49 af samtals 1.087)

Sýnin voru öll úr **eldisbleikju** að þessu sinni. Megnið af klakbleikjunni lokaðist inni í sama eldishúsi og smitaði laxinn (Kirkjuvogi) og var sú bleikja kreist þar (836 hrygnur). Nokkuð af bleikjunni svaraði með vægu útslagi í ELISA-mótefnaprófi og var öllum hrognum undan slíkum hrygnum fargað í öryggisskyni.

Auk þess bárust sýni úr klakbleikju frá fjórum eftirtöldum eldisstöðvum; Hallkelshólum á vegum Stofnfisks (120), Hólaskóla (61), Haukamýrargili (60) og Fellsmúla (10).

Regnbogasilungur: Rannsókuð voru alls 19 sýni:
Smittíðni var: 100%

Allt var þetta **eldisregnbogi** (17♀ og 2♂) frá Fiskalóni á vegum Hvammsvíkur.

Sjóbirtingur: Rannsókuð voru alls 23 sýni:
Smittíðni var: 91% (21 af samtals 23)

Öll sýnin voru úr **villtum sjóbirtingi**; kreistum á Laxeyri úr Laxá í Leir. (10), í Fellsmúla úr Vatnsá (6) og Emstrum (1), á Laxalóni úr Affallinu (3) og á Laugum úr Kálfá (3). Einn fiskur úr Vatnsá og sá eini frá Emstrum reyndust lausir við smit.

Vatnaurriði: Rannsókuð voru alls 23 sýni:
Smittíðni var: 91% (21 af samtals 23)

Öll sýnin voru úr **villtum urriða** sem kreistur var í Fellsmúla og kemur úr Veiðivötnum (Litla-sjó og Hraunvötnum). Þess má geta að öll sýni (29) sem tekin voru úr sömu vötnum árið 2005 voru laus við smit.

Villtur lax til kreistingar var veiddur úr alls 51 laxveiðiám á síðasta ári.

2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994	1993	1992	1991
51	48	51	50	49	38	38	40	37	45	38	38	38	50	55	49

Fjöldi laxveiðiáa sem klaklax var veiddur úr til nýrnaveikirannsóknna árin 1991 - 2006

Rauðmunnaveiki (*Yersinia ruckeri*) kom upp sem nýsmit í tveimur tilfellum árið 2006; eitt tilfelli í bleikjuseiðum og eitt í sandhverfuseiðum. Bleikjan var bólusett en sandhverfan ekki og í báðum tilfellum var um frekar væga sýkingu að ræða.

Vetrarsár (*Moritella viscosa*) voru hvergi greind sem nýsmit á liðnu ári. Bakterían er þó viðloðandi einstaka laxeldisstöðvar án þess þó að vera til vandræða enda fiskurinn vel bólusettur.

Vibríuveiki (*Vibrio anguillarum*) kom upp sem nýsmit í þremur tilfellum árið 2006. Í tveimur þeirra var um áframeldi á þorski í sjókvíum að ræða (1-2 kg) og í einu tilfelli átti kynþroska klakþorskur hlut að máli í kjölfar hrognatöku.

Þekjublaðra (*Chlamydia* sp.), eða epitheliocystis, hefur í stöku tilfelli skotið upp á liðnum árum. Sýkillinn leggst á tálkn fiska, dregur úr þrótti og leiðir ósjaldan til affalla. Í byrjun árs 2006 varð alvarleg sýking í 4-6 kg verðandi klaklúðu sem leiddi til 90-100% dauða í tveimur eldiskerjum.

Sæeyrnavisnun (*Xenohalotis californiensis*) sem er smitsjúkdómur í sæeyra af völdum rickettsía-bakteríar var í fyrsta sinn staðfest hér á landi (og Evrópu) vorið 2004. Sjúkdómsvaldurinn er fremur hýsilsértækur og smitar einungis dýr af sæeyrna-ætt (genus *Haliotis*). Sæeyru hér á landi hafa aldrei sýnt klínísk sjúkdómseinkenni, smitefnið hefur

nánast verið á dvalarstigi og án þess að skaða meltingarveg dýranna. Staðfesting sýkingar hefur þó sett okkur ákveðnar hömlur hvað útflutning á lifandi dýrum varðar og hefur þó nokkur vinna farið í að kynna málið fyrir erlendum aðilum. Tilraun til útrýmingar bakteríunni hófst á liðnu ári og lofar góðu.

Auk fyrrgreindra baktería greinast öðru hvoru aðrir sýklar í eldisfiski án þess þó að valda eiginlegum sjúkdómum eða teljandi afföllum. Þetta eru svokallaðir tækifærissýklar sem eru yfirleitt eðlilegur hluti af umhverfi fiska en sem geta við ákveðnar aðstæður blossað upp og valdið sýkingu. Þetta eru bakteríur á borð við *Aeromonas hydrophila*, *Flavobacterium* spp., *Flexibacter* spp., *Cytophaga* spp., *Pseudomonas* spp., *Lactobacillus*, *Mycobacterium*, *Actinobacillus* og *Vibrio wodanis*.

SNÍKJUDÝR

Costía (*Ichthyobodo necator*) er algengt vandamál í fiskeldi, á öllum stigum og árstíðum. Nokkrar stöðvar eiga í stöðugri baráttu við sníkilinn og segja má að baráttan sé erfiðari eftir því sem stöðin er stærri, eldishiti hærri og ásetningur meiri. Costía gerir einkum vart við sig við frumfóðrun smáseiða og virðist sem laxaseiði séu viðkvæmari en aðrar tegundir eldisfisks. Tálknin verða verst úti og er ótrúlegt hve stuttan tíma costían þarf til tortímingar. Alls voru skráð átta alvarleg costíutílfelli árið 2006; fimm í laxaseiðum, eitt í bleikju, eitt í þorskseiðum og eitt í sandhverfuseiðum.

Trichodina er algeng, sérstaklega í bleikjueldi. Trichodina olli tjóni í þremur skráðum tilfellum árið 2006, öll í bleikju.

Laxa- og **fiskilús** hefur verið undir sérstöku eftirliti í sjókvíaelði undanfarin ár. Niðurstaða rannsókna hefur leitt í ljós að þar sem lúsín á annað borð er til staðar er fiskilús (*Caligus elongatus*) nánast allsráðandi. Laxalúsín (*Lepeophtheirus salmonis*) sést einungis í undantekningartilfellum. Í þorskeldinu er fiskilúsín algengust, en þó í bland við þorskalúsína (*Caligus curtus*). Fiskilús er minni (með sogskálar) en laxalús (með bitklær) og veldur ekki sárum á kvíafiski en getur þó verið hvítleið og valdið óþarfa áreiti. **Tálknalús** (*Salmincola* spp.) er algeng í villtum vatnafiskum hér á landi og mikil sýking getur leitt til sára og jafnvel bakteríusýkinga í kjölfarið.

Sæsteinsuga (*Petromyzon marinus*) kom við sögu á liðnu ári. Í lok sumars bárust fréttir af nokkuð sérkennilegum sárum á netveiddum sjóbirtingum í Kúðafljóti og seinna einnig á stangveiddum fiski í Grenlæk. Fiskarnir voru oftast með eitt til tvö djúp hringlaga roðsár neðarlega á milli eyr- og kviðugga, en einnig fundust sár framarlega á baki. Eftir ítarlega rannsókn kom í ljós að sárin voru af völdum sæsteinsugu sem getur orðið allt að 1 m á lengd og lifir á blóði annarra dýra.

Ormasýking í innri líffærum hefur ekki greinst nema í villtum fiski og skrautfiskum á liðnu ári, en þessir fiskar eru nokkuð mengaðar af sníkjudýrum í sínu náttúrulega umhverfi. Í laxfiskum greinast helst bandormategundirnar *Eubothrium salvelini* í bleikju og *Eubothrium crassum* í urriða og laxi. Þá er ekki óalgengt að finna þráðorma í meltingarvegi villtra laxfiska. Nefna má *Philonema onchorhynchi* sem er algengur í maga og kviðarholi silunga og getur leitt til samgróninga þar og einnig hármorminn *Pseudocapillaria salvelini* sem heldur sig í þörmunum.

Kudoa sp. (Myxozoa), sem er frumdýr, er talsvert áberandi í vöðva eldishlýra hér á landi og virðist ætla að setja mark sitt á framtíðaráform og möguleika eldis.

Þá eru sníkjudýr í þorskeldi sem þarf að skoða nánar, s.s. frumdýrið **Loma sp.** og krabbadýrið **Lernaocera branchialis**. Sérfræðingar á Keldum vinna að verkefni þar sem skoðuð er útbreiðsla og mikilvægi einstakra sníkla m.t.t. framtíðar þorskeldis. Þá var blóðagðan **Gyrodactylus** sp. í fyrsta sinn staðfest í eldisþorski (klakfiski) hér á landi og olli hún smá afföllum áður en brugðist var við með tilheyrandi efnaböðun.

Sníkjudýr í skrautfiskum eru yfirleitt afskaplega fjölbreytileg. Sem dæmi um sníkjudýr sem jafnan greinast ár hvert eru: Tálknalúsinn *Argulus*, *Hexamita intestinalis*, *Spirotrichum*, *Ichthyobodo necator*, *Chilodonella*, *Gyrodactylus*, *Dactylogyrus*, *Trichodina*, *Ichthyophthirius multifiliis*, *Oodinium pillularis*, *Hennegyua*, endaparms-ormurinn *Cammalanus lacustris*, bandormurinn *Caryophyllaeus fimbriceps*, spólu-ormurinn *Capillaria* og „ankerormurinn“ *Lerneae cyprinacea*. Svokölluð neonveiki, orsökkuð af sníklinum *Pleistophora hypohessobryconis*, skýtur upp kollinum öðru hvoru og veldur þá yfirleitt 60-100% dauða.

SVEPPIR

Á liðnu ári voru sveppasýkingar lítið vandamál ef undan er skilinn **hrogna-sveppur** (*saprolegnia parasitica*) sem er víðast til staðar þar sem fiskeldi er stundað.

UMHVERFISTENGD AFFÖLL

Svífþörungur, sem voru mjög áberandi árin 2003 og 2005, sáust nánast ekkert á liðnu ári þrátt fyrir frekar hagstæð skilyrði í sjó.

Marglyttur reyndust afar skæðar og ollu miklu tjóni í laxeldi í sjókvíum árið 2006. Enn og aftur var það hin eitraða brennihvelja *Cyanea capillata* sem gerði okkur lífið leitt. Miklar breiður ráku inn Mjóafjörð í lok ágúst og fram eftir september og drap yfir 100.000 eldislaxa í kvíum (1-2 kg). Með miklu snarræði eldismanna tókst að neyðarslátra um 250.000 löxum (760 tonn) sem nýttust til manneldis. Afföll þessi eru með því mesta sem við höfum upplifað í íslensku fiskeldi af völdum marglyttna, en svipaðar hamfarir upplifði laxeldi í Mjóafirði og Seyðisfirði á sama tíma árs síðsumars 2002. Ætandi eiturefni sem marglyttan seytir frá sér valda alvarlegum skemmdum á þekjufrumum tálkna og að auki myndast brunasár á roði sem tækifæris-sýklar setjast í og valda sýkingu. Segja má að þessi árlega og jafnframt skaðræðis innrás marglyttunnar sé ein helsta ástæða þess að forráðamenn Sæsilfurs sjá sér ekki lengur fært að stunda laxeldi í Mjóafirði.

Sólbruna varð vart miðsumars á þorski í sjókvíum á Austfjörðum með roð-sárum og uggaroti í kjölfarið en þó ekki teljandi afföllum.

Kopareitrun kom upp í strandeldisstöð þar sem þorskur (<1 kg) var alinn og olli dauða. Í ljós kom við eftirgrennslan að kopar var að finna í nýju lagnakerfi stöðvarinnar og var þessu umsvifalaust kippt í liðinn.

VEIRUR

Engar **veirur** greindust í þeim 524 sýnum sem bárust fisksjúkdómadeildinni á Keldum árið 2006 (þar af voru 30 sýni send til greiningar í Noregi). Engar sérstakar grunsemdir hafa

heldur vaknað eða einkenni sést í eldisdýrum sem rekja má til veirusýkinga. Sýnin komu frá alls 13 klak- og seiðastöðvum allt í kringum landið og skiptust þannig að 373 sýni voru úr laxi (188 úr villtum laxi og 185 úr eldislaxi), 60 úr bleikju, 30 úr sandhverfu og 60 úr lúðu. Úr lúðuseiðum voru send 30 sýni til Noregs, sem er samstarfsverkefni við þarlend fisksjúkdómayfirvöld í tengslum við útflutning lúðuseiða, um sérstaka leit að taugadrepi í lúðu (VNN) sem hófst í byrjun árs 2001.

Fiskeldisstöðvar í dreifingarbanni vegna smitsjúkdómaí lok árs 2006

Fiskalón í Ölfusi (nýrnaveiki) sett í bann 04.02.2005

Smit var staðfest með mótefnamælingu (ELISA) og flúrljómun. Talið er að smit hafi borist í stöðina með villtum laxaseiðum. Öllum laxa- og regnbogaseiðum var fargað og hefur stöðin ekki verið starfrækt síðan vorið 2005.

Húsatóftir við Grindavík (nýrnaveiki) sett í bann 21.09.2005

Vísbending um smit var í upphafi greint með mótefnamælingu (ELISA) í byrjun ágúst 2005. Við endurtekið próf í lok ágúst og aftur í nóvember þóttu ELISA niðurstöður styrkja þessa grunsemd án þess að óyggjandi staðfesting fengist. Stöðin var því sett í dreifingarbann til að gæta alls öryggis. Greining með hjálp PCR á rannsóknastofu í Kanada hefur orkað tvímælis. Nýtt ELISA próf var keyrt 23. feb. 2006 og reyndist þá 1 sýni af 60 jákvætt m.t.t. nýrnaveiki. Við endurtekningu með ELISA prófi, fyrst 60 sýni 27. apríl og aftur 60 sýni 24. maí 2006, reyndust öll sýni laus við smit. Við sýnatökur úr klaklaxi á tímabilinu október til nóvember 2006, samtals úr 42 hrygnum, var engin niðurstaða það afgerandi að hægt væri að kveða upp úr með að laxinn væri sannanlega smitaður. Rannsóknum verður haldið áfram og á meðan á óvissu stendur verður viðkomandi fiski haldið í einangrun.

Íshaf ehf. í Tálknafirði (nýrnaveiki) sett í bann 13.06.1994

Nýrnaveikismit var nokkuð útbreitt í stöðinni á tímabili. Klínískt smit var aftur staðfest í stöðinni 1997 og enn aftur árið 2002 og í byrjun árs 2003.

Íslandsbleikja ehf., Stað við Grindavík (nýrnaveiki) sett í bann 04.02.2005

Nýrnaveiki barst í stöðina með smituðum laxaseiðum í des. 2004. Áður en sjúkdómurinn uppgötvaðist hafði smit m.a. náð að dreifast til áframeldisdeildar. Reynt var ítrekað að komast fyrir frekari smitdreifingu með förgun á seiðum en ekki tókst að verjast með þeim hætti enda stöðin stór og greið leið fyrir eldisjó á milli kerja. Megnið af fiskinum var alinn áfram til slátrunar, síðasta laxi var slátrað í sept. 2006 og síðustu bleikju 3. jan. 2007. Ráðist var í endurbætur, allsherjar þrif og sótthreinsun um leið og flekinn tæmdist og stefnir í að áframeldi á bleikju hefjist að nýju á vormánuðum 2007.

Salar Islandica ehf. í Berufirði (nýrnaveiki) sett í bann 14.06.2005

Fyrsta vísbending um smit kom fram vegna jákvæðs útslags í mótefnamælingu (ELISA) á laxaseiðum í júní 2005 og var þá stöðin sett í dreifingarbann til að gæta alls öryggis enda seiðin að uppruna úr stöð sem seinna reyndist smituð. Í júní 2006 greindust svo fyrstu klínísku einkennin í ca. 2ja kg laxi sem hafði verið settur í sjó sumarið 2004, eða um tveggja ára meðgöngutími smits! Öllum laxi verður slátrað upp vorið 2007 og mun stöðin einbeita sér að þorskeldi næstu árin.

Sæsifur hf. í Mjóafirði (nýrnaveiki) sett í bann 06.07.2006

Laxar úr þremur kvíum svöruðu jákvætt í ELISA-mótefnamælingu og við hækkandi sjávarhita fór að bera á klínískum einkennum í fiskinum. Öllum laxi verður slátrað upp fyrir páska 2007 og þar með verður laxeldi í Mjóafirði hætt að sinni.

Lyfjanotkun í íslenskum fiskeldisstöðvum 2006

Mikil áhersla hefur verið lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í íslenskum fiskeldisstöðvum síðastliðin 16 ár og hefur árangur verið góður.

SÝKLALYF


Alls voru notuð 101 kg af oxólínsýru og 15 kg af oxýtetracyklíni í fiskeldi á liðnu ári sem er í heildina örlítill aukning frá árinu á undan en svipað og var árið 2004. Helsta ástæða er aukið umfang þorskeldis en þróun bóluefna fyrir þorsk er skammt á veg komin og eru þau alls ekki til gegn sjúkdómi eins og kýlaveikibróður. Ef við umreiknum þessa tölu í magn sýklalyfja pr. tonn af framleiddum sláturfiski (sem var um 9.960 tonn á liðnu ári) fáum við 0,011 kg sýklalyf/slátrað tonn (árið 2005 var þessi tala 0,007, árið 2004 var hún 0,010, árið 2000 var hún 0,037, árið 1995 var hún 0,05 og árið 1990 um 0,15 kg/slátrað tonn).

2. Lyf gegn laxalús:	Nuvan:	0 lítrar
3. Ormalyf:	Droncit vet.:	110 ml
4. Sveppalyf:	Pyceze vet.:	48 lítrar
5. Sótthreinsun hrogna:	Buffodine:	88 lítrar
6. Sníkjudýralyf:	Formalín:	14.000 lítrar
7. Svefnlyf:	Benzóak	6 lítrar
	Fenoxýethanol:	350 kg
	TMS (MS-222):	0,5 kg


Eftirlit með leifum sýklalyfja í eldisfiski

Árið 1999 hófst skipulegt og árlegt eftirlit með leifum sýklalyfja í sláturfiski skv. tilskipun ESB nr. 96/23/EEC um eftirlit með sýklalyfjum, hormónum og öðrum aðskotaefnum í afurðum dýra og eldisfisks. Árið 2006 voru tekin samtals 79 sýni úr fiskeldisstöðvum hringinn í kringum landið; 60 úr laxi, 12 úr bleikju og 7 úr þorski. Úrvinnsla sýna fór fram á viðurkenndri rannsóknarstofu í Danmörku og reyndust öll sýni hrein, líkt og öll árin þar á undan.

Heildarnotkun sýklalyfja pr. tonn sláturfisks 1990 - 2006



Notkun sýklalyfja gegn smitsjúkdómum í fiskeldi 1990 - 2006



Dýralæknir sóttvarna

Viðbúnaður vegna smitsjúkdóma

Sóttvarnadýralæknir situr í viðbúnaðarhópi LBS vegna smitsjúkdóma í dýrum ásamt Jarle Reiersen, Konráði Konráðssyni og Gunnari Erni Guðmundssyni. Viðbúnaðarhópurinn hélt 20 fundi á árinu. Suma fundi hópsins sátu auk ofangreindra Halldór Runólfsson, Jón Gíslason og Sigurður Örn Hansson. Megin verkefni hópsins var skipulagning á viðbrögðum við fuglaflensu. Áhættustig 1-3 voru skilgreind og viðbúnaður á hverju stigi. Unnið var að gerð viðbragðsáætlunar og mappa útbúin með því sem komið er. Skipulagðar voru sýnatökur úr villtum fuglum og alifuglum. Skrifaðar voru leiðbeiningar fyrir almenning um meðhöndlun dauðra fugla, í samvinnu við sóttvarnalækni. Skrifaðar voru leiðbeiningar fyrir dýralækna um sýnatökur, í samvinnu við Keldur. Rætt var um hvernig staðið skyldi að aflifun fugla og ákveðið að festa kaup á sérútbúnum aflifunargámi. Unnið var að skipulagningu á förgun á hræjum ef til kæmi að aflífa þyrfti mikinn fjölda alifugla. Rætt var um hvernig staðið skyldi að þrifum og sóttþreinsun á húsum og farartækjum og drög að leiðbeiningum skrifuð. Unnið var að skráningu og kortlagningu á öllum bæjum þar sem alfluglar eru haldnir, í samvinnu við héraðsdýralækna. Kynningarfundir voru haldnir með dýralæknum og alifuglaeigendum á 6 stöðum á landinu, Reykjavík, Hvanneyri, Blönduósi, Selfossi, Akureyri og Höfn í Hornafirði. Einnig var haldinn fundur með fulltrúum ýmissa stofnana sem koma að viðbrögðum við fuglaflensu (LBS, Keldur, Sóttvarnalæknir, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og Almannavarnadeild RLS). Í aprílmánuði var ákveðið að hækka viðbúnaðarstig vegna greiningar á fuglaflensu í Bretlandi. Auglýsing um viðbrögð var birt í Stjórnartíðindum. Viðbúnaðarstigið var lækkað aftur í maímánuði. Mótefni greindust gegn vægu afbrigði af fuglaflensuveirum af stofni H5 í hænum í Húsdýragarðinum í Reykjavík í sýnum sem tekin voru í febrúar og aftur í október. Ákvörðun var tekin um að lóga öllum fuglum í haldi í garðinum að undanskildum ránfuglum sem voru í sér búrum utandyra.

Viðbúnaður vegna alheimsfaraldurs inflúensu í fólki

Á ríkisstjórnarfundi þann 10. febrúar 2006 var ákveðið að fela ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni að mynda stýrihóp til að skilgreina verkefni og hlutverk stofnana og fyrirtækja í þjóðfélaginu í viðbrögðum við heimsfaraldri inflúensu. Yfir verkefnið var sett verkefnisstjórn sem í eiga sæti fulltrúar frá sóttvarnalækni, almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra og verkfræðistofnunar Línuhönnun. Þá voru skipaðir fjölmargir vinnuhópar sem í sitja fulltrúar ýmissa stofnana og fyrirtækja, sem falið var að skrifa drög að áætlunum um viðbrögð við því ástandi sem skapast við heimsfaraldur inflúensu, hver á sínu sviði.

Sóttvarnadýralæknir var formaður hóps sem vann áætlun sem ætlað er að tryggja að dýr þurfi ekki að þjást eða líða skort við þessar aðstæður. Aðrir í hópnum voru Friðfinnur Freyr Guðmundsson frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Gunnlaugur Júlíusson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ólafur Dýrmundsson frá Bændasamtökum Íslands, Rúnar Gíslason frá Landbúnaðarstofnun og Tómas Jónsson frá Landbúnaðarstofnun.

Hópurinn skilaði drögum að eftirtöldum viðbragðsáætlunum til verkefnisstjórnar í nóvembermánuði.

1. Viðbragðsáætlun sveitarfélaga vegna aðstoðar við dýraeigendur við fóðrun og umhirðu dýra.
 2. Viðbragðsáætlun bænda vegna fóðrunar og umhirðu dýra.
 3. Viðbragðsáætlun lyfjaheildsala vegna dýralyfja.
 4. Viðbragðsáætlun fóðurfyrirtækja vegna fóðurbirgða og dreifingar.
 5. Viðbragðsáætlun Landbúnaðarstofnunar vegna heilbrigðisþjónustu við dýr.
-

Viðbúnaður vegna skaðlegs fódurs

Skipaður var vinnuhópur til að endurskoða viðbragðsáætlun vegna alvarlega gallaðs og skaðlegs fódurs. Sóttvarnadýralæknir stýrir vinnunni en aðrir í hópnum eru Þuríður Pétursdóttir og Ólafur Guðmundsson.

Norrænt samstarf um viðbúnað vegna smitsjúkdóma í dýrum

Sóttvarnadýralæknir á sæti í norrænum vinnuhópi um viðbúnað vegna smitsjúkdóma í dýrum. Á vegum vinnuhópsins voru haldnir tveir þemafundir á árinu. Sá fyrri í Noregi í marsmánuði og fjallaði hann um almennan viðbúnað við fuglaflensu og seinni fundurinn var í Danmörku í ágúst og fjallaði hann um sýnatökur vegna fuglaflensu. Í desember var svo haldinn fundur í vinnuhópnum þar sem unnar voru tillögur að starfsemi á árinu 2007 og 2008.

Viðbragðsæfing í Svíþjóð

Sóttvarnadýralæknir tók þátt í viðbragðsæfingu í Svíþjóð í októbermánuði. Megin markmið æfingarinnar var uppsetning og rekstur stjórnstöðva í héraði.

Endurskoðun á vörnum gegn búfjársjúkdómum

Sóttvarnadýralæknir átti sæti í nefnd sem landbúnaðarráðherra skipaði í apríl 2005, sem falið var að skoða alla þætti sem varða búfjársjúkdóma og varnir gegn þeim. Nefndin skilaði skýrslu í júlí 2006. Í skýrslunni er m.a. umfjöllun um alvarlega landlæga smitsjúkdóma í búfé á Íslandi, orsakir þeirra, einkenni, afleiðingar, útbreiðslu, eftirlit, varnir og reglur sem um þá gilda. Einnig er fjallað um nýtingu opinberra fjármuna vegna sjúkdómanna og hagfræðilegt mat sem Hagþjónusta landbúnaðarins vann. Fjallað er um skipulag sóttvarnarsvæða og tillögur lagðar fram um breytingu á þeim. Sömuleiðis er fjallað um löggjöf og núverandi verklag varðandi flutninga á búfé og öðru sem borið getur smit, og lagðar fram tillögur að breytingum.

Áætlun um sýnatökur vegna smitsjúkdóma

Í samvinnu við sérgreinadýralækna hveirrar búfjártegundar lagði sóttvarnadýralæknir fram áætlun um sýnatökur á árinu 2007.

Sjúkdómar sem um ræðir eru:

Í nautgripum: Smitandi hvítblæði, smitandi barkabólga/smitandi fósturlát, smitandi slímhúðarpest, garnaveiki, kúariða og smitandi fósturlát.

Í sauðfé: Garnaveiki og riðuveiki.

Í svínunum: Aujeszkyveiki, smitandi maga- og þarmabólga, PRCV, PRRS og svínainflúensa.

Í hrossum: Smitandi blóðleysi, hestainflúensa og smitandi háls- og lungnakvef/fósturlát.

Í alifuglum: Newcastleveiki, kverka- og barkabólga, nef- og barkabólga, fuglakregða og fuglaflensa.

Smitandi lifrabólga í hundum

Nokkuð er um tilfelli af smitandi lifrabólgu í hundum og þörf er á bóluefni gegn sjúkdómnum. Flest bóluefni sem framleidd eru innihalda einnig lifandi mótefnisvaka gegn hundafári, sem er sjúkdómur sem ekki er til staðar hér á landi og innflutningur á bóluefninu því óheimill. Vitað er um eitt bóluefni á markaði erlendis sem inniheldur mótefnisvaka gegn smitandi lifrabólgu og að auki parainflúensu og Bordetella bronchiseptica. Þar sem ekki var vitað hvort parainflúensuveiran væri til staðar í hundum hér á landi kom LBS á samstarfi við Ólöfu Loftsdóttur dýralækni á Dýraspítalanum í Víðidal um sýnatökur. Í desembermánuði bárust niðurstöður úr rannsóknum á sýnunum sem staðfestu tilvist veirunnar. Að öllum líkindum ætti því leyfi að fást til innflutnings á fyrrgreindu bóluefni.

Starfshópur um innflutning og notkun bóluefna

Yfirdýralæknir skipaði starfshóp til að skoða allar hliðar á innflutningi og notkun á bóluefnum gegn dýrasjúkdómum, sem sóttvarnadýralæknir fer fyrir. Aðrir í hópnum eru Þorvaldur Þórðarson (LBS) og Vilhjálmur Svansson (Keldum). Starfshópurinn fundaði tvisvar sinnum á árinu og ráðgerir að skila á árinu 2007.

Dýralæknir loðdýrasjúkdóma

Almennt

Starf dýralæknis loðdýrasjúkdóma er hlutastarf (20 %) og er starfssvið hans eftirfarandi:

- Eftirlit með innflutningi loðdýra og sóttkvíarbúum.
- Umsjón með útrýmingu veirusjúkdómsins plasmacytosis í minkum.
- Almennt sjúkdómaeftirlit.
- Innlend og erlend samskipti við forráðamenn loðdýrabænda og dýralækna, ásamt samskiptum við erlend dýralæknafræðingum.

Á árinu 2006 voru starfandi 26 loðdýrabú á landinu, þar af 20 minkabú, 4 refabú, 1 blandað bú refa og minka og 1 holda- og loðkanínubú. Auk þessara bú var í desember hafin inntaka minka á annað þeirra bú á Skagafirðinum er skorið var niður á vegna sjúkdómsins plasmacytosis árið 2005.

Samkvæmt tölum Bændasamtaka Íslands voru árið 2006 paraðar um 33.831 minkalæður og skráður fjöldi minkahvolpa í júlí var um 161.870. Paraðar refalæður voru um 800 og skráður fjöldi refahvolpa var um 2.150.

Verð á minkaskinnnum árið 2006 var með því hæsta sem um getur. Því ríkir mikil bjartsýni meðal minkabænda sem margir hverjir eru að stækka við sig. Verð á refaskinnnum er hins vegar lágt og ná búin á Íslandi ekki að keppa við skinn frá öðrum löndum. Af þessum sökum fækkar enn í hópi refabænda og voru einungis tvö refabú eftir á landinu um áramótin 2006-2007. Annað vandamál sem steðjar að stétt loðdýrabænda er að endurnýjun bænda í stéttinni enginn og því hækkar meðalaldur hennar með hverju árinu sem líður.

Sjúkdómar

Engir tilkynningaskyldir eða skráningarskyldir sjúkdómar komu upp í loðdýrabúum á landinu árið 2006 en ein gæludýrakanína greindist með refavanka (nosemantis).

Öllum bændum er skylt, skv. ákvörðun Sambands íslenskra loðdýrabænda, að senda inn árlega blóðsýni úr 10-15% lífdýrastofnsins og láta prófa m.t.t. sjúkdómsins plasmacytosis. Á árinu kom upp grunur um platmacytosis á tveimur minkabúum. Við endurteknar sýnatökur reyndist þessi grunur ekki á rökum reistur. Þetta gefur enn á ný ástæðu til að minnst á mikilvægi þess að öll hús séu dýrheld og að ekkert sé tekið inn í hús sem hugsanlega gæti borið með sér smit. Ástæða er til að minna á að stór hluti villiminkastofnsins er sýktur af plasmacytosis, sérstaklega á norðan- og austanverðu landinu.

Innflutningur

Gránumóar ehf. fluttu inn 288 minkahögna frá Danmörku í apríl árið 2006. Minkarnir voru fluttir í einangrun að Teigi í Vopnafirði og hefur sóttkví verið aflétt án athugasemda. Dalsbúið ehf. sem flutti inn 150 minkahögna frá Finnlandi í desember árið 2005 er enn í sóttkví. Sóttkvínni mun ekki verða aflétt fyrir en fyrirskipaðri sýnatöku vegna plasmacytosis hefur verið lokið.


Dýralæknir alifugla

Salmonella

Samkvæmt rgl. nr. 251/1995, með síðari breytingum, er skylt að senda sýni úr kjúklingum til gerlafræðilegrar rannsóknar. Um þessar mundir er ræktað m.t.t. *Salmonella* og *Campylobacter* spp.

Salmonella greindist í engum kjúklingaeldishópi árið 2006, annað árið í röð. Sýni voru tekin úr öllum eldishópum við 2ja til 3ja vikna aldur og síðan aftur við slátrun, alls voru þetta 610 eldishópar. Greinist *Salmonella* í kjúklingum á eldistímanum er slátrun óheimil reglum samkvæmt og er kjúklingunum því fargað á viðkomandi búi. Mikill árangur hefur náðst undanfárin ár við að halda *Salmonella* í lágmarki í kjúklingum á Íslandi (sjá töflu 1). Frá árinu 1996 hefur salmonella verið undir 1% í kjúklingum og skipar Ísland sér í fremstu röð þjóða heimsins hvað þetta varðar.

Salmonella í kjúklingum 1993 – 2006 Eldissýni



Tafla 1: Hlutfall *Salmonellumengunar* í kjúklingaeldishópum 1993-2006. (Rannsóknaraðilar: Sýkladeild Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði á Keldum og Sýni ehf.)

Campylobacter


Eftirliti með *Campylobacter* var haldið áfram á síðasta ári samkv. rgl. nr. 251/1995, með síðari breytingum. Sýni eru tekin úr sérhverjum eldishópi 2 til 5 dögum fyrir slátrun og síðan aftur við slátrun (botnlangasýni), alls voru þetta 610 eldishópar á árinu (575 árið áður).

Greinist *Campylobacter* í eldissýni (þ.e. fyrir slátrun) eru allir kjúklingar úr viðkomandi eldishópi frystir eða hitameðhöndlaðir (steiktir) áður en þeir fara í almenna dreifingu á markað. Við venjulega steikingu drepast bakteríurnar og við frystingu minnkar magn bakteríunnar til mikilla muna. Með þessu fyrirkomulagi er áhætta neytenda lág mörkuð eins og kostur er, en hafa verður í huga að fuglinn getur smitast á þessum fáu dögum fyrir slátrun. Þannig er aldrei hægt að koma í veg fyrir að *Campylobacter* mengaður ferskur kjúklingur sé á markaði, en fugl sem smitast svona seint er með mun færri bakteríur en sá sem smitast fyrr á eldistímanum.

Á árinu 2006 greindist *Campylobacter* í samtals 58 eldishópum af 610 (9,5%) en var 4,5% árið áður. Árið 2006 líkist því árunum 2002, 2003 og 2004 hvað varðar smit fyrir slátrun. Eldishópi getur verið slátrað á 2-3 dögum, er þá talað um sláturhópa og eru sýni tekin úr sérhverjum sláturhópi. Fjöldi jákvæðra

sláturhópa á árinu, mælt í botnlangasýnum teknum við upphaf slátrunar, var 90 af 730, eða 12,3% en var 10,4% árinu áður (sjá töflu 2). Árið 2006 sker sig úr hvað varðar litla aukningu á campylobactersmiti síðustu dagana fyrir slátrun og því lítið um ferskan mengaðan kjúkling á þessu ári. Með vísan til þess sem að ofan greinir er mismunurinn á rauðu súlunni og þeirri gulu sá kjúklingur sem mögulega fer ferskur mengaður á markað.

Campylobacter í kjúklingum 1999-2006



Tafla 2: Campylobacter í kjúklingum 1999-2006. (Rannsóknaraðilar: Sýkladeild Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum og Sýni ehf.)

Ísland skipar sér í fremstu röð þjóða heims hvað varðar lágmarkun á Campylobacter mengun í kjúklingum og er með ströngustu reglur varðandi meðferð mengaðra afurða, þ.e. frýsting og/eða hitameðhöndlun.

Fuglaflensa

Vegna útbreiðslu fuglaflensu (Avian Influenza) í heiminum var mikilli vinnu varið á árinu vegna sjúkdómsins. Fyrsta ársfjórðunginn voru haldnir fjölmargir fundir sem dýralæknir alifuglasjúkdóma tók þátt í og flutti erindi varðandi viðbrögð við fuglaflensu. Sex almennir kynningarfundir voru haldnir vítt og breytt um landið og dýralæknir alifuglasjúkdóma kom fram í fjölmiðlum f.h. Landbúnaðarstofnunar um allt er tengdist sjúkdómnum. Hann tók þátt í störfum viðbúnaðarhóps LBS, stjórnskipaðrar samstarfsnefndar um smitsjúkdóma og sat fundi ýmissa aðila s.s. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, grunnskóla Reykjavíkur, Náttúrfræðistofnunar ríkisins auk funda erlendis.

Viðbragðsáætlun var gerð og viðbúnaðarstig var hækkað um allt land í apríl 2006 þegar upp kom fuglaflensa (H5N1) í Skotlandi. Viðbúnaðarstigið var lækkað aftur mánuði síðar þegar ljóst var að hættan var liðin hjá.

Miklar sýnatökur fóru fram á árinu þar sem skimað var eftir fuglaflensu með AIV-Matrix prófi í stroksýnum úr villtum fuglum og mótefni við H5 og H7 í blóðsýnum úr alifuglum. Jákvæð sýni í Matrix prófi voru sett í nánari greiningu með tilliti til H5 og H7.

Úr villtum fuglum voru tekin saursýni og/eða stroksýni úr endaparmi og koki. Tekin voru 704 sýni auk 379 sýna sem samstarfsaðilar frá Kanada tóku, alls 1.083 sýni úr villtum fuglum. Aðeins 1 sýni (úr margæs) reyndist jákvætt fyrir H5.

Úr alifuglum voru tekin blóðsýni, alls 100 sýni að vori. Fjögur þeirra reyndust jákvæð fyrir H5. Sýnataka var endurtekin á viðkomandi búi og þá tekin 20 blóðsýni og 20 stroksýni úr endaparmi og koki. Stroksýnin voru öll neikvæð en 9 af 20 blóðsýnum voru jákvæð fyrir H5. Um haustið var blóðsýnatöku úr alifuglum haldið áfram auk þess sem sýni voru endurtekin á ”jákvæða-búinu”, alls 160 sýni að hausti. Fjögur reyndust jákvæð fyrir H5, öll á ”jákvæða-búinu”. Var þá ákveðið að skera niður alla alifugla á búinu.

Innflutningur

Síðastliðið ár voru flutt inn frjóegg af Ross-holdastofni frá Svíþjóð og Finnlandi tíu sinnum og tvisvar sinnum af Lohmann-varpstofni frá Noregi. Auk þess voru þrisvar sinnum flutt inn frjóegg af kalkúnastofni frá Bretlandi og eitt skipti andaregg. Á árinu var tekin í notkun ný sóttkvíarútungunarstöð í Þorlákshöfn í eigu Matfugls ehf. Kalkúna- og andastofnar voru hafðir í einangrun í 16 vikur en einangrunartími er annars 8 vikur fyrir holdastofna og varpstofninn. Innflutningur fór fram með svipuðu sniði og árið áður.

Innflutningur gekk mjög vel, lítið var um vanhöld og kjúklingarnir voru mjög hraustir.

Bólusetningar

Bólusetning gegn hænsnalömun (Marek) og blávængjaveiki (CAV) var haldið áfram með sama hætti og árið áður. Eitt tilfelli af blávængjaveiki kom upp í holdastofni á árinu.

Á árinu var byrjað að bólusetja stofnunga af holdastofni gegn hníslasótt, en sjúkdómurinn hafði valdið tölverðum búsifjum undanfarin ár.

Matvæla- og umhverfissvið

Matvælaöryggi

Með það að markmiði að einungis öruggar búfjárafurðir fari á markað og til neytenda annast Landbúnaðarstofnun eftirlit bæði á frumframleiðslustöðum og í vinnslustöðvum fyrir innlandan og erlendan markað. Starfi dýralæknis heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða gegndi Rögnvaldur Ingólfsson frá 1. apríl 2006, en Sigurður Örn Hansson fram til 31. mars 2006. Rögnvaldur hefur einnig umsjón með eftirliti Landbúnaðarstofnunar með mjólkurbúum.

Sláturhús á Íslandi

Á árinu störfuðu 19 sláturhús á landinu. Slátrun var hætt í Búðardal. Hér neðar má sjá töflu yfir sláturhús, kjötvinnslur og frystigeymslur í sláturhúsum á Íslandi árið 2006. Fjallalamb fékk útflutningsleyfi til ESB fyrir sauðfjársláturhús.

Sláturhús / kjötvinnslur / frystigeymslur 2006

Nr.	LEYFISHAFI	STAÐUR	STARFSEMI	DÝRATEG.	ÚTFLUTNINGSLEYFI*		
					JAP	ESB	USA
2	Borgarnes kjötvörur	Borgarnesi	SL, KV, FG	H, N, SV	H, N, SV		
4	Stjörnugrís	Kjalarnesi	SL	SV	SV		
8	B. Jensen	Akureyri	SL, KV	H, N, SV			
22	Sláturhús KVH	Hvammstanga	SL, FG, KP, KR	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, N, SA	SA
23	SAH Afurðir	Blönduósi	SL, FG, KP, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, N, SA	
29	Norðlenska	Akureyri	SL, FG	H, N, SV	H, N, SV		
31	Norðlenska	Húsavík	SL, KV, FG, KP, KV	SA	SA	SA	SA
32	Fjallalamb	Kópaskeri	SL, FG, KV	SA	SA	SA	
33	Sláturfélag Vopnfirðinga	Vopnafirði	SL, FG	H, N, SA	SA		
40	Norðlenska	Höfn	SL, FG, KP	H, N, SA, SV	SA	SA	
47	Kaupfélag Króksfjarðar	Króksfjarðarnesi	SL, FG	H, N, SA, SV	SA		
50	Kaupfélag Skagfirðinga	Sauðárkróki	SL, FG, KP, KV, KR	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	SA	
67	Sláturhúsið	Hellu	SL	H, K, N, SV	H, N, SV		
80	Ísen	Höfn	SL	A			
81	Sláturfélag Suðurlands	Selfossi	SL, FG, KP, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, SA	SA
100	Sláturfélag Suðurlands	Hvolsvelli	FG, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV		
120	Kjarnafæði	Svalbarðseyri	FG, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV		
200	Ísfugl	Mosfellsbæ	SL, KV, FG	A			
202	Mósi	Stiklum	SL	A			
205	Reykjagarður	Hellu	SL, KV, FG	A			
210	Matfugl	Mosfellsbæ	SL, KV, FG	A			
220	Eimskip	Hafnarfirði	FG	H, N, SA, SV		H, N, SA	
221	Kuldaboli	Þorlákshöfn	FG, KP	H, N, SA, SV		H, N, SA	

Erlendar eftirlitsheimsóknir

Eftirlitsmaður frá eftirlitsdeild landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna dvaldi hér á landi dagana 5.-16. október. Hann gerði úttekt á heilbrigðiseftirliti embættisins í sláturhúsum og skoðaði þau sláturhús sem hafa útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Skoðunin gekk mjög vel, fáar athugasemdir voru gerðar og tókst því að halda ástandinu í sama horfi og var eftir skoðunina 2004 og 2005.

Aðskotaefnaeftirlit

Leitað var að sömu efnum og efnasamböndum og árið 2005, sjá meðfylgjandi töflu. Alls voru gerðar 1101 mæling á sýnum vegna sláturafurða, mjólkur og eldisfisks.

Aðskotaefnamælingar 2006

A	Sauðfé	Naut	Hross	Svín	Alifuglar	Mjólk	Eldisfiskur	Vefur/matrix	Rannsóknarstofa
Stilbenes	13	7		2				þvag	SLV
Thyrostats	14	7	2	2				þvag	SLV
Steroids:									
Oestradiol		5						plasma	SLV
Zeranol		6		1				þvag	SLV
Beta-agonists	15		2	2				þvag	SLV
IV Chloramphenicol	14	5	2	2				vöðvi	SLV
A alls:	56	30	6	9					
B₁									
Antibacterials	102	73	46	56		216		nýra/mjólk	KELDUR
Tetracycline	5	4						vöðvi	SLV
Sulfa	5	4						vöðvi	SVÁ
Hníslasóttarlyf					9			vöðvi	OSLO
Oxolinic acid							56	vöðvi	Ringsted
Flumequin							56	vöðvi	Ringsted
Oxytetracycline							23	vöðvi	Ringsted
B₁ alls:	112	81	46	56	9	216	135		
B₂									
Ivermectin	32	4	9	4				lifur	SLV
Doramectin	32	4	9	4				lifur	SLV
Benzimidazol	33	5	9	9				lifur	OSLO
Moxidectin	32	4	9	4				lifur	SLV
B₂ alls:	129	17	36	21					
B₃									
Lífræn klórkolefnissambönd	5	2	4	2		20		fita	AnalyCen
Lífræn fosfórsambönd	5	2		2		14		fita	AnalyCen
Sveppæitur						14		mjólk	SLV
Ólífræn snefilefni:									
Pb	4	4	9	1		20		lifur/mjólk	RF
Cd	4		9					lifur/mjólk	RF
Hg	4		9					lifur/mjólk	RF
As			4	4				vöðvi/mjólk	RF
B₃ alls:	22	8	35	9		68			
Samtals:	319	136	123	95	9	284	135	Alls	1101

Öll sýni voru ýmist undir greiningamörkum eða langt undir leyfilegum mörkum.

Tríkínurannsóknir

Tekin voru trikínusýni af öllum hrossum sem slátrað var vegna útflutnings á Evrópusambandsmarkað, alls 42 safnsýni. Tríkínur greindust ekki í neinu sýnanna enda hafa þær aldrei greinst í íslenskum dýrum.

Tegundagreining

Til að tegundagreina kjöt voru tekin 4 sýni í þeim sláturhúsum sem hafa útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Sýnin eru greind á Keldum og á sama hátt og undanfarin ár, þ.e. með ELISU aðferð.

Aðrar sýnatökur

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda sýna sem voru tekin vegna eftirlits Landbúnaðarstofnunar 2006. Sjá umfjöllun um sýnatökur vegna salmonellu í svínunum undir skýrslu dýralæknis svína- og alifuglasjúkdóma.

Sýni vegna eftirlits Landbúnaðarstofnunar 2006¹⁾

Tegund sýna	Ástæða sýnatöku	Fjöldi
Þindarsýni úr hrossum	Tríkínuleit	42
Vöðvasýni	Tegundagreining	4
Mjólkursýni	Sýklalyfjaleit	216
Nýrnasýni úr hrossum	Sýklalyfjaleit	46
Nýrnasýni úr nautgripum	Sýklalyfjaleit	73
Nýrnasýni úr sauðfé	Sýklalyfjaleit	102
Nýrnasýni úr svínunum	Sýklalyfjaleit	56
	Alls	539

1) Sýnatökur vegna salmonellueftirlits - sjá skýrslur dýralækna svína- og alifuglasjúkdóma

Hrefnukjöt

Vísindaveiðar á hrefnum voru aftur heimilaðar á árinu. Hrefnurnar voru skornar um borð í hrefnuveiðibátunum en frekari vinnsla fór fram í kjötvinnslu í Kópavogi. Héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi annaðist að mestu heilbrigðisskoðun á afurðunum. Fáeinum dýrum var landað í öðrum umdæmum og viðkomandi héraðsdýralæknar önnuðust þá yfirleitt heilbrigðisskoðun.

Langreyðar

Sjávarútvegsráðuneytið gaf út leyfi til veiða á 9 langreyðum. Það gaf einnig út leyfi til að skera langreyðarnar í Hvalstöðinni í Hvalfirði og fól Landbúnaðarstofnun að annast heilbrigðiseftirlit í stöðinni. Fínskurður á hvalkjötinu fór fram í vinnslustöð á Akranesi, en heilbrigðiseftirlit Vesturlands gaf út starfsleyfið fyrir vinnslustöðina til að vinna og geyma kjötið og annaðist það síðan eftirlit með starfsemi ásamt héraðsdýralækni Gullbringu – og Kjósarumdæmis.

Eftirlit með mjólkurframleiðslu

Landbúnaðarstofnun hefur yfirstjórn vegna útflutnings búfjárafurða og þar með eftirliti á mjólkurbúum sem hafa útflutningsleyfi. Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa þar að auki árlegt eftirlit með búunum. Veiting útflutningsleyfa fyrir mjólkurstöðvar fer fram með svipuðum hætti og fyrir sláturhús.

Ein mjólkurstöð, Mjólkursamlag Vopnfirðinga, hætti rekstri á árinu.

Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði á Íslandi 2006

Nr.	Afurðastöð	Útflutningsleyfi
IS-101	MS Reykjavík	ESB
IS-103	MS Búðardal	ESB
IS-105	MS Ísafirði	ESB
IS-107	MS Blönduósi	ESB
IS-108	Mjólkursamlag KS	ESB
IS-109	MS Akureyri	ESB
1069	MS Egilsstöðum	
IS-117	MS Selfossi	ESB

Eftirlit með sáðvöru

Eftirlit Landbúnaðarstofnunar með sáðvöru fer samkvæmt lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru ásamt með síðari breytingum.

Innflutningur

Á árinu bárust 187 tilkynningar um innflutning á sáðvöru frá 58 einstaklingum og fyrirtækjum. Innflutt sáðvara skiptist samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gróðurflokkar	Kg
Blómafræ	23
Bygg	872.590
Einært rýgresi	87.800
Fjölært rýgresi	11.200
Grasblöndur	9.000
Íþróttavallablöndur	19.900
Grænfóður	36.486
Grænmeti	879
Hafrar	24.480
Hveiti	2.400
Lín (Hör)	25.000
Trjátegundir	80
Túngrös	132.655

Eftirlitið er fyrst og fremst fólgið í skoðun hreinleika- og spírunarvottorða sem fylgja eiga öllum fræjum sem flutt eru inn til landsins.

Framleiðsla


Landgræðslan er eina fyrirtækið sem framleiðir fræ hér á landi.

Landbúnaðarstofnun hefur tekið sýni fyrir Landgræðsluna og gefið út hreinleika- og spírunarvottorð vegna útflutnings. Árið 2006 voru gefin út 4 vottorð fyrir lúpínufræjum, beringspunti og melgresi.

Opinber sáðvörulisti

Landbúnaðarstofnun sér um viðhald og uppfærslu lista yfir þær plöntutegundir sem rækta má af fræ á Íslandi og ætlað er til sölu. Opinbera sáðvörulistann er að finna á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar.

Innflutningur á fræi til landbúnaðar á árunum 1995-2006



Eftirlit með áburði

Eftirlit með áburði fer að lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð nr. 398/1995 um eftirlit með áburði. Árið 2006 fluttu 22 fyrirtæki og einstaklingar inn samtals 56.250 tonn af áburði. Áburðarinnflutningur á árinu er um 12 þús. tonnum meiri en árin 2004 og 2005, en þá nam hann 44.399 tonn 2004 og 44.779 tonn 2005.

Innflutningurinn 2006 skiptist samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gerð áburðar	Innflutt tonn
Fjölkorra þrígildur áburður	25.930
Einkorna þrígildur áburður	13.585
Fjölkorra tvígildur áburður	8.465
Einkorna tvígildur áburður	2.708
Köfnunarefnisáburður	4.457
Köfnunarefnisáburður með kalki	178
Köfnunarefnisáburður með brennistein	79
Fosfóráburður	9
Kalíáburður	21
Áburðarkalk	247
Garðyrkjuáburður	526
Blómanæring	18
Lífrænn áburður	15
Mosaeyðir	13
Jarðvegsbætandi efni	0,5

Áburðareftirlit hefur miðað að sýnatöku af þeim áburðartegundum sem notaðar eru í túnrækt, kornrækt og grænféðurrækt. Ekki hafa verið tekin sýni af áburðartegundum sem notaðar eru í garðyrkju og ylækt, þó þar sé vissulega ástæða til. Árið 2006 voru tekin 59 áburðarsýni hjá 5 fyrirtækjum sem flytja inn áburð. Það eru Áburðarverksmiðjan, Betra Land, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Skeljungur og Sláturfélag Suðurlands. Þessi sýni eru af 52 áburðartegundum. Stefnt er að að taka eitt sýni fyrir hver byrjuð 1.000 tonn af innfluttum áburði, en bæði Áburðarverksmiðjan og Sláturfélag Suðurlands flytja inn áburðartegundir í meira magni.

Efnagreiningar á þessum sýnum sýndu að 18 áburðartegundir stóðust ekki tilskildar kröfur um efnainnihald skv. reglugerð um eftirlit með áburði og voru þær teknar af skrá Landbúnaðarstofnunar. Auk þess voru tvær settar í sérstaka gæslu við innflutning á næsta ári, þar sem efnainnihald þeirra var við neðri vikmörk.

Öll sýni eru send í efnagreiningu til Þýskalands, einnig voru nokkur sýni send til Danmerkur. Niðurstöður efnagreininga eftirlitssýna á áburði hafa ekki verið birtar til þessa en ákveðið er að birta þær á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar frá og með 2007.

Fóðureftirlit

Fóðureftirlit Landbúnaðarstofnunar fer samkvæmt lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri, ásamt með síðari breytingum.

Framleiðsla

28 fyrirtæki hafa viðurkenningu Landbúnaðarstofnunar til að nota aukefni við fódurframleiðslu skv. 8. gr. reglugerðar nr. 340/2001 um eftirlit með fódri.

Í eftirlitsáætlun fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir tveimur reglulegum eftirlitsferðum þar sem öll viðurkennd fyrirtæki yrðu skoðuð. Ekki tókst að standa við þá áætlun og má segja að aðeins hafi verið farin ein almenn ferð. Þrátt fyrir það voru næstum öll (23 af 28) fyrirtæki sem hafa viðurkenningu heimsótt og innra eftirlit og rekjanleiki athugaður. Auk þess var farið sérstaklega í stærstu fódurverksmiðjurnar eins og gert var ráð fyrir í áætluninni.

Þann 12. september 2005 féll dómur í máli Aðfangaeftirlitsins gegn Síldarvinnslunni Neskaupsstað vegna ógreiddra fóðureftirlitsgjalda. Síldarvinnslan var sýknuð af kröfu Aðfangaeftirlitsins um greiðslu eftirlitsgjalda. Með dómnum brustu forsendur fyrir eftirliti með fiskimjöli sem flutt er úr landi. Dómurinn var síðan túlkaður svo að eftirlit með fiskimjöli væri alfarið á ábyrgð Fiskistofu. Landbúnaðarstofnun hafði því ekkert eftirlit með fiskimjöli árið 2006, þó að gert hefði verið ráð fyrir því í áætlun ársins.

Gæludýraverslanir voru skoðaðar í byrjun árs og athugaðar skráningar og merking vörunnar. Eftirlit með innflutningi gæludýrafóðurs var að öðru leyti bundið við skjalaskoðun.

Fóðurverksmiðjur sem skráðar eru hjá Landbúnaðarstofnun og aðrir framleiðendur hráefna, framleiðendur gæludýrafóðurs og hráefnisgeymslur voru heimsóttar skv. töflu hér fyrir neðan.

a) Viðurkennd fyrirtæki	Fjöldi heimsókna
<ul style="list-style-type: none"> • Stórar fóðurverksmiðjur sem framleiða fyrir dýr til manneidis (í Reykjavík og á Akureyri) 	
Lífland MR	2
Fóðurblandan h.f.	2
Bústólpi h.f.	1
Fóðurverksmiðjan Laxá h.f.	1
<ul style="list-style-type: none"> • Bændur með heimalögun fyrir dýr til manneidis þ.e. Stjórngrís (6 bú), Rekstrarfélagið Braut, Búandi, Grísagarður, Grís og flesk, Sigfús Haraldur Bóasson, Svínabúið Arnarfelli, Stefán Þórðarson ehf og Hlíð hf. 	1
<ul style="list-style-type: none"> • Litlar fóðurverksmiðjur sem framleiða fyrir dýr til manneidis þ.e. Mjólkursamlag Húnavetninga 	1
Vallhólmur (hætti rekstri á árinu), og Fiskey	0
<ul style="list-style-type: none"> • Fóðurframleiðsla fyrir loðdýr þ.e. Fóðurstöð Suðurlands, Dalsbúið, Quality á Hyrnu, Eldisfóður, Sigurður á Klettabrekku 	1
<ul style="list-style-type: none"> • Milliliðir 	0
b) Skráð fyrirtæki	
<ul style="list-style-type: none"> • Innflytjendur gæludýrafóðurs frá löndum utan EES 	0
<ul style="list-style-type: none"> • Fiskimjölverksmiðjur 	0
<ul style="list-style-type: none"> • Hráefnisframleiðendur 	0

Forsendur áætlunar 2006 um sýnatöku voru að niðurstöður efnagreininga á fyrri árum sýndu að fylgjast þarf sérstaklega með kopar í svínafóðri, fituinnihaldi í fiskafóðri og próteininnihaldi í fiskafóðri og jórturdýrafóðri.

Ennfremur var tekið mið af tilmælum Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um eftirlit með fóðri á árinu 2006 samkvæmt tilskipun ráðsins nr. 95/53/EC frá 14.11.2005 um sérstaka áherslu á sýnatöku vegna:

- a) sveppaeiturs (mycotoxins) í korni, olíuríkum fræjum og fódurefnum sem flutt eru á sjó um langan veg,
- b) hníslalyfja og/eða lyfja gegn svarthöfðaveiki í forblöndum og fóðurböndum þar sem ekki er gert ráð fyrir þeim,
- c) fúkkalyfja sem ekki eiga að finnast lengur sem aukefni í fóðri
- d) kjöt- og beinamjöl af landdýrum sem ekki eiga að finnast í fóðurvörum
- e) kopar- og sinkinnihalds í svínafóðri.

Árið 2006 voru tekin 54 sýni af fódri og fódurefnum sbr. töflu hér fyrir neðan. Í töflunni er einnig sýndur fjöldi sýna ára 2003-2005.

Fóðurtegund	<u>2006</u>	<u>2005</u>	<u>2004</u>	<u>2003</u>
hráefni til fódurgerðar*	9	6	31	18
svínafóður	10	5	14	14
fiskafóður	9	10	28	7
jórturdýrafóður	15	7	33	5
alifuglafóður	8	8	10	2
gæludýrafóður	0	0	3	3
hestafóður	3	2	3	1
forblöndur	0	1	1	0
*Önnur en fiskimjöl og lýsi	54	39	123	50

Óskað var eftir greiningu á efnum samkvæmt neðangreindri töflu:

Þurrefni	54	öll sýni
Næringarefni	54	öll sýni
Arsen	14	sérstaklega í fiskafóðri og öðru fódri sem innih. fiskimjöl
Kopar	13	sérstaklega í svínafóðri auk kjúklingafóðurs og sauðfjárfóðurs.
Sink	13	sérstaklega í svínafóðri auk úrtaks úr öðru fódri
Blý	8	aðallega í hráefni auk úrtaks í öðru fódri
Flúor	9	úrtakssýni af ýmsu fódri
Kadmíum	7	úrtakssýni af ýmsu fódri
Selen	6	úrtakssýni af ýmsu fódri
Kjöt- og beinamjöl	11	úr hráefnum t.d. soja- og fiskimjöli og úr fiskimjölsríku fódri
Díoxín	11	úr fiskafóðri og öðru fiskimjölsríku fódri
Sveppaeitur	11	úr hráefnum t.d. maís og sojamjöli og fódri sem er ríkt af maís
Hnislalyf	8	sérstaklega úr kjúklingafóðri auk úrtakssýna úr öðru fódri Plágueyðar
11	úr hráefnum t.d. sojamjöli og hveiti og mjölríku fódri	
Fúkkalyf	8	úrtakssýni af ýmsu fódri

Niðurstöður efnagreininga eru sendar til viðkomandi fyrirtækja. Hafi niðurstöður sýnt frávik frá ákvæðum reglugerðar er fyrirtækjum gefin kostur á andmælum og að senda systursýni í greiningu. Niðurstöður mælinga á eftirlitssýnum hafa ekki verið birtar fram að þessu en gert er ráð fyrir að birta niðurstöður fyrir árið 2007 á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar.

Nokkur mál komu upp árið 2005 sem þurfti að fylgja eftir á árinu. Öllum þeim málum lauk farsælega. Engin stór mál komu upp á árinu og öllum málum var lokið.

Skjalaskoðun:


163 fóðurtegundir voru skráðar á árinu, fyrir utan nýjar tegundir áður skráðs gæludýrafóðurs, auk þess sem fjöldi fóðurtegunda var endurskráður. Á árinu bárust 968 tilkynningar um 1492 innflutningstilfelli á fódri frá 68 fyrirtækjum.

Innflutt fóður skiptist milli dýrategunda samkvæmt eftirfarandi töflu:

Dýrategund	tonn
Alifuglar	478
Fiskeldi	2.507
Gæludýr	1.923
Hestar	236
Jórturdýr	4.393
Kanínur	1,3
Loðdýr	503
Óskilgreint*	73.401
Svín	795

*Ýmiskonar hráefni til fóðurgerðar

Innflutningur á hráefnum, fóðurblöndum og aukefnum 1997-2006



Plöntueftirlit

Meðal verkefna sem fluttust til Landbúnaðarstofnunar þegar til hennar var stofnað 1. janúar 2006 voru verkefni sem plöntueftirlit Landbúnaðarháskóla Íslands annaðist samkvæmt lögum nr. 51/1981, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Álitamál var um hvor stofnunin ætti að sinna hinum ýmsu verkþáttum reglugerðar nr. 401/1999 um kartöfluútsæði. Landbúnaðarráðuneytið úrskurðaði með nýrri útsæðisreglugerð nr. 455/2006 að Landbúnaðarháskólinn skyldi sjá um framleiðslu á úrvals- og eðalútsæði (S- og E- stofnum) en Landbúnaðarstofnun skyldi annast yfirumsjón og eftirlit með ræktun og sölu kartöfluútsæðis.

Einn starfsmaður sinnti sérstaklega fagsviði um plöntusjúkdóma. Starfsemin fór fram í húsi Landbúnaðarháskólans á Keldnaholti þar til um haustið er flutt var í húsnæði Landbúnaðarstofnunar á Selfossi. Starfsemi plöntueftirlitsins var um margt óvenjuleg á árinu 2006 vegna þessara skipulagsbreytinga og flutninga og ljóst að ekki yrði unnt að koma henni í eðlilegri farveg fyrr en á árinu 2007.

Stjórnsýslusvið

Veiðimál - stjórnsýsla og eftirlit

Helstu stjórnsýsluverkefni Landbúnaðarstofnunar í veiðimálum samkvæmt lögum eru sem hér segir:

- Skrásetja ár og vötn og eigendur veiðiréttar
- Skrásetja rétthafa silungsveiða í sjó og setja reglur um slíkar veiðar
- Safna skýrslum um veiði laxfiska í ám, vötnum og sjó
- Staðfesta nýtingaráætlun veiðifélaga varðandi veiðitíma og veiðitæki
- Veita staðfestingu á stangarfjölda í lax- og silungsveiðum
- Gefa út rannsóknaleyfi og veiðiskírteini vegna rannsókna í ferskvatni
- Heimila merkingar og hafa umsjón með gagnabanka um merkingar
- Veita undanþágur vegna veiða í óhefðbundinn búnað (kistur o.s.frv.)
- Veita heimildir til mannvirkja- og fiskvegagerðar og efnistöku við ár og vötn
- Stuðla að uppbyggingu veiðifélaga og meðhöndla kærur vegna stjórnsýslu innan þeirra
- Staðfesta samþykktir og arðskrár veiðifélaga
- Skipa veiðieftirlitsmenn bæði á landsvísu og samkvæmt beiðni veiðifélaga
- Gefa út rekstrarleyfi og hafa eftirlit með eldisstöðvum

Meginverkefni innan fagsviðs veiðimála hafa verið í samræmi við þessa upptalningu, þótt meira hafi verið unnið við afgreiðslu erinda á árinu heldur en eiginlega skrásetningu. Sem fyrr hefur Veiðimálastofnun unnið við söfnun og úrvinnslu veiðiskýrslna í umboði stjórnsýslunnar. Eins og fram kemur í skýrslu Veiðimálastofnunar fyrir árið 2006 var laxveiði á stöng um 45 þúsund laxar, sem var um 17 % minna en á árinu 2005, sem var metár. Stangaveiðin var samt 25 % yfir meðalveiði undanfarinna 30 ára. Um það bil 15 % af heildar stangaveiðinni var úr Ytri og Eystri Rangá en þar byggist laxveiðin alfarið á fiskrækt, þ.e. sleppingu gönguseiða. Sleppingar á veiddum laxi fara vaxandi og voru á árinu 2006 um 20 % af stangaveiðinni.

Árið 2006 var annars mjög viðburðaríkt varðandi stjórnsýslu veiðimála. Í ársbyrjun var embætti veiðimálastjóra sameinað ýmsum öðrum stofnunum landbúnaðar innan Landbúnaðarstofnunar og flutti frá Vagnhöfða 7 í aðalstöðvar á Selfossi um mitt ár. Á árinu var einnig gerð viðamikil breyting á lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og var þeim skipt upp í fjóra meginbálka, þ.e. lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, lög nr. 57/2006 um eldi vatnafiska, lög nr. 58/2006 um fiskrækt og lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum auk sérlaga um starfssemi Veiðimálastofnunar. Hin nýju lög eru mun sveigjanlegri en eldri lög og byggja að nokkrum hluta á nýtingu reglugerða við stjórnsýslu t.d. varðandi veiðifélög og þeirra starfssemi. Grunnur laganna er hinsvegar í meginráttum sá sami.

Starfssemi innan fagsviðs veiðimála var að öðru leyti með hefðbundnum hætti á árinu og voru afgreidd um það bil 270 erindi. Þar ber hæst leyfisveitingar og afgreiðslur varðandi starfssemi veiðifélaga, ýmis leyfi og umsagnir varðandi framkvæmdir við ár og vötn, erindisbréf veiðivarða og undanþágur af ýmsu tagi. Mesta aukningin hefur orðið í ýmsum umsögnum og afgreiðslum sem snerta framkvæmdir við ár og vötn og voru þær a.m.k. þriðjungur erinda á árinu. Hin nýju lög gera ráð fyrir því að leita þurfi heimildar fyrir öllum framkvæmdum í og við veiðiár, hvort sem um væri að ræða efnistöku, veiðistaðagerð, styrkingu á bökkum eða gerð fiskvega. Í kjölfarið hafa einnig aukist margvíslegar umsagnir varðandi breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaga, sem haft geta áhrif á ferskvatnsumhverfi. Líklegt er að umfang slíkra verkefna eigi enn eftir að aukast.

Í viðauka við lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði var tíundað að öll veiðifélög skyldu endurnýja sínar samþykktir innan árs frá gildistöku laganna. Í lok ársins var því sett reglugerð nr. 1024/2006 um starfssemi

veiðifélaga, sem setti grunn sem veiðifélög gátu byggt á við endurskoðun samþykktu sinna. Síðan hafa fjölmörg veiðifélög sent inn endurskoðaðar samþykktir til staðfestingar.

Fyrir nokkrum árum voru settar reglugerðir, sem takmörkuðu veiðar á silungi í sjó í nágrenni laxveiðianna á göngutíma laxa og til að verja bleikjustofna í Eyjafirði, sem átt hafa undir högg að sækja. Þessar reglugerðir, sem að hluta leystu af hólmi eldri auglýsingar um bann við bleikjuveiði við vestanverðan Eyjafjörð, sem landbúnaðarráðuneyti hafði sett 1979, hafa báðar lent í stjórnsýslukærum og kærum til umboðsmanns Alþingis, sem gaf út sinn úrskurð í júlí á síðasta ári. Samkvæmt þeim úrskurði er stjórnvöldum ekki heimilt að setja stjórnvaldsfyrirmæli til að takmarka slíkar veiðar heldur er nauðsynlegt að gefa hverjum eiganda veiðiréttar andmælarétt gagnvart stjórnvaldsákvörðun. Unnið er að því að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns varðandi setningu slíkra reglugerða og skoðað verður hvort ný lög gefa aukið svigrúm í þeim málum en fyrri reglugerðir voru settar á grunni laga nr. 76/1970 með síðari breytingum.

Við veiðieftirlit hafa starfað tveir eftirlitsmenn á landsvísu, sem starfa sem verktakar á vegum Landbúnaðarstofnunar. Þeirra megin verkefni er að fylgjast með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt og að þeir sem stunda silungsveiðar í sjó haldi lögboðna helgarfriðun. Auk veiðieftirlits hefur annar eftirlitsmaðurinn haft eftirlit með þeim sjókvíastöðvum, sem ala lax, í samræmi við reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum. Sjókvíastöðvar með lax hafa aðallega verið staðsettar í Mjóafirði og Berufirði á Austurlandi en dregið hefur verulega úr starfsemi slíkra stöðva undanfarin tvö ár og framleiðsla á eldislaxi hefur þannig dregist saman. Eftirlit með slíkum stöðvum mun því óhjákvæmilega verða minna. Landbúnaðarstofnun ber ábyrgð á gagnasöfnun varðandi eldisframleiðslu á laxfiskum og framleiðslan á árinu 2006 kemur fram í hjálagðri töflu

Tafla 1. Framleiðsla í fiskeldi á Íslandi 2006

<i>Tegund</i>	<i>Óslægð þyngd</i>
Lax	5783 tonn
Bleikja	1257 tonn
Regnbogi	38 tonn

Hjá veiðifélögum eru hinsvegar starfandi fjölmargir eftirlitsmenn, sem aðallega hafa eftirlit með félagssvæðum veiðifélaganna. Í einstaka tilfellum nær eftirlitssvæðið til nærliggjandi strandsvæða, sem er þá tíundað í skipunar- og erindisbréfi, sem Landbúnaðarstofnun sendir eftirlitsmanni. Veiðifélög bera alfarið kostnað af eftirliti á sínu félagssvæði en Landbúnaðarstofnun ber ábyrgð á kostnaði vegna eftirlits með strandlengjunni.

Á alþjóða vettvangi er viðamesta starfsemi Landbúnaðarstofnunar í veiðimálum innan vébanda Laxaverndarstofnunarinnar (NASCO). Stofnunin hefur nýlega undirgengist viðamiklar breytingar á sinni starfsemi (“Next Steps”) með endurskoðun á þátttöku áheyrnarfulltrúa í starfsemi hennar. Í kjölfarið hafa aðildarþjóðirnar undirgengist að gera áætlanir um það hvernig þær hyggjast fullnægja þeim samþykktum, sem NASCO hefur staðið að á undanförunum árum, bæði varðandi veiðistjórnun, verndun búsvæða fyrir lax og verndun laxastofna gagnvart neikvæðum áhrifum fiskeldis og flutningi á lifandi fiski. Gerð hefur verið slík áætlun fyrir Ísland, sem er í matsferli innan vébanda NASCO.

Á árinu 2006 var farið á ýmsa vinnufundi hjá NASCO auk ársfundar, sem haldinn var í Saariselkä í Finnlandi í byrjun júní. Í lok janúar var farið ásamt Guðmundi B. Helgasyni ráðuneytisstjóra, sem verið hefur formaður sendinefndar hjá NASCO, á vinnufund á Norður Spáni varðandi framtíðar stefnumótun í starfsemi NASCO. Í lok mars var síðan farið ásamt Gísla Jónssyni dýralækni fisksjúkdóma á vinnufund í Osló varðandi hættuna af ögðunni “Gyrodactylus salaris”, sem hefur útrýmt laxastofnum í fjölmörgum

ám í Noregi. Á fundinum var m.a. um viðbragðsáætlanir til að koma í veg fyrir að agðan geti smitast milli landa með flutningi á lifandi ferskvatnsdýrum.

Auk hefðbundinna verkefna er verulega mikið um munnlegar og skriflegar fyrirspurnir varðandi túlkun á þeim lögum og reglugerðum, sem tengjast veiðimálum, og mikil ráðgjöf veitt í tölvupóst og gegnum síma. Unnið hefur verið að því að hafa mikilvægustu upplýsingarnar fyrir hendi á vefsíðu og þar gegndi þáverandi heimasíða embættis veiðimálastjóra lykilhlutverki á árinu 2006. Undanfarið hefur verið unnið að því að yfirfæra þessar upplýsingar á heimasíðu Landbúnaðarstofnunar www.lbs.is.

Yfirkjötmat

Fagsviðsstjóri kjötmats er Stefán Vilhjálmsson. Auk hans unnu við námskeiðahald og eftirlit með kjötmati í sláturhúsum, í hlutastarfi, Karl E. Loftsson, Óli Þór Hilmarsson og Páll Hjálmarsson.

Starfssviðið er í stuttu máli fjórþætt:

Mótun reglna um kjötmat

- hafa forystu um mótun á reglum um gæðamat og flokkun á kjöti og fylgjast með nýjungum á því sviði.

Skipun kjötmatsmanna og fræðsla

- skipuleggja námskeið fyrir kjötmatsmenn sláturhúsa
- meta hæfni þeirra
- leiðbeina þeim og samræma störf þeirra með reglubundnum hætti.

Yfirmat

- skera úr ágreiningi um kjötmat og störf kjötmatsmanna.

Söfnun upplýsinga

- sjá til þess að safnað sé upplýsingum um gæðamat á kjöti og að þær séu til reiðu á aðgengilegu formi.

Árið 2006 voru starfandi 14 sláturhús á vegum 11 sláturleyfishafa. Stórgripum var slátrað í 10 þeirra, svínunum í 5 og sauðfé í 10 sláturhúsum. Sláturhúsin voru heimsótt, kjötmatið tekið út og kjötmatsmönnum leiðbeint. Framkvæmd kjötmatsins var með eðlilegum hætti.

Ákveðið var í aðdraganda sláturtíðar 2006 að styrkja kjötmatið í sauðfjársláturhúsunum með ákveðnum aðgerðum til að efla yfirkjötmatið og auka þannig eftirlit og stuðla eftir fongum að góðu samræmi í kjötmatinu. Þetta verkefni fékk fjárveitingu frá Framkvæmdanefnd búvörusamninga. Hún gerði kleift að ráða yfirkjötmatmann tímabundið í tvo mánuði og fjölga verulega eftirlitsheimsóknum í sláturhúsin. Þessar aðgerðir voru góður stuðningur við kjötmatsmenn og stuðluðu að betra samræmi í kjötmatinu.

Yfirkjötmatið tók þátt í tilraunum með rafrænt kjötmat (myndgreiningu dilkaskrokka) í sláturhúsi KS á Sauðárkróki. Verður þeirri tilraun fram haldið haustið 2007 og þá leitast við að fá úr því skorið hvort slíkt tæki getur metið dilkakjöt af viðunandi nákvæmni.

Yfirkjötmatið vann með MATÍS (áður MATRA), í samstarfi við norska yfirkjötmatið, að verkefni fyrir Svínaræktarfélag Íslands um mælingu kjöthlutfalls í íslenskum svínaskrokkum. Senn verður ljóst hvort það leiðir til þess að sú tækni verði tekin upp við mat á svínakjöti hérlendis.

Nokkrar niðurstöður kjötmatsins árið 2006

Ársframléiðslan af nautgripakjöti nam tæpum 3200 tonnum (3.196.084 kg). Alls var slátrað 8290 UN-gripum á landinu, þar af fóru tveir skrokkar í úrkast. Innvegið var 1.863.181 kg af 8288 skr., meðalvigt 224,8 kg. Þar af fóru 10,3% í holdfyllingarflokk Úrval, meðalvigt 268,8 kg, og 84,3% í UN I, meðalvigt 224,3 kg. Í UN I A fara 69,9% skrokka og í UN I M+ fara 8,5%. Í kýrflokka voru innvigtaðir 6332 skrokkar, 1.268.764 kg, meðalvigt 200,4 kg. Í úrkast fóru 24 skrokkar. Stærstu flokkarnir eru K I A (40,0% skrokka), K I B (20,4%) og K II (9,2%). Ungkýr voru alls 21,8 %. Alls var slátrað 3194 kálfum (UK og AK flokkum) sem vógu 63.069 kg.

Flokkun ungneytakjöts, allt landið 2006

Flokkur	stk	kg	% stk.	Meðalvigt
UN ÚRV. M	11	2.663	0,13	242,1
UN ÚRV. A	769	208.692	9,28	271,4
UN ÚRV. B	62	15.114	0,75	243,8
UN ÚRV. C	13	3.363	0,16	258,7
UN I M	95	16.955	1,15	178,5
UN I M+	704	143.568	8,49	203,9
UN I A	5791	1.318.168	69,87	227,6
UN I B	318	69.199	3,84	217,6
UN I C	77	18.834	0,93	244,6
UN II M	85	12.366	1,03	145,5
UN II M+	37	6.383	0,45	172,5
UN II A	322	47.125	3,89	146,4
UN II B	3	490	0,04	163,3
UN II C	1	261	0,01	261,0
Samtals	8288	1.863.181	100,00	224,8
N	4	1.070		267,5

Svínakjötsmat 2006

Flokkur	stk.	%	kg	%	Meðalþyngd
GRÍS ÚRVAL	5741,5	7,7	450.198	8,1	78,4
GR'IS IA alls	66.918	90,2	5.007.590	90,1	74,8
GRÍS IB	827	1,1	71.745	1,3	86,8
GRÍS IC	182	0,2	16.699	0,3	91,8
GRÍS II	53	0,1	2676	0,0	50,5
GRÍS IV	141	0,2	9604	0,2	68,1
UNGGRÍS	8	0,0	197	0,0	24,6
	73.871	100	5.558.709	100	74,9

GYLTA I	1321	179300
GYLTA II	20	2251
GÖLTUR I	40	2743
GÖLTUR II	1	183
SVÍN IV	4	559
ÚRKAST SVÍN	31	0
Alls grís+fullorðið	75.614	5.743.745

Hrossakjöt 2006

Allir flokkar skráðir án hupps og síðu (pístóluskorið)

Folöld	Tryppi	Fullorðin hross			
		HR I A			
		2612			
FOI A	4281	TR I A			
		96			
		HR I B			
		27			
FOI B	45	TR I B			
		0			
		HR II			
		12			
FOII	39	TR II			
		1			
		UH I			
		6			
Alls	4365	Alls	97	Alls	2657
Innvegið kg	350.879	Innvegið kg	12.210	Innvegið kg	486.702
Meðalvigt	80,4	Meðalvigt	125,9	Meðalvigt	183,2

Hrossakjöt alls 849.791 kg (7119 stk.)

STARFSMENN LANDBÚNAÐARSTOFUNAR Í ÁRSLOK 2006

Jón Gíslason, forstjóri

REKSTRAR- OG ÞJÓNUSTUSVIÐ

Stefán Guðmundsson, forstöðumaður

Dalla R. Jónsdóttir, skrifstofumaður
Jóhanna Þorvaldsdóttir, skrifstofumaður
Hafsteinn Hannesson, starfsmannastjóri
Sverrir Þ. Sverrisson, sérfræðingur
Una Árnadóttir, skrifstofumaður

DÝRAHEILBRIGÐISSVIÐ

Halldór Runólfsson, forstöðumaður

Auður L. Arnþórsdóttir, sérgreinadýralæni
Björn Steinbjörnsson, sérfræðingur
Gísli Jónsson, sérgreinadýralæknir
Jarle Reiersen, sérgreinadýralæknir
Konráð Konráðsson, sérgreinadýralæknir
Ólöf Klemensdóttir, skrifstofumaður
Sigríður Björnsdóttir, sérgreinadýralæknir
Sigurður Sigurðarson, sérgreinadýralæknir
Þorvaldur H. Þórðarson, sérgreinadýralæknir

MATVÆLA- OG UMHVERFISSVIÐ

Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður

Rögnvaldur Ingólfsson, sérgreinadýralæknir
Sigurgeir Ólafsson, fagsviðsstjóri
Valgeir Bjarnason, fagsviðsstjóri
Þuríður E. Pétursdóttir, fagsviðsstjóri

STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður

Árni Ísaksson, fagsviðsstjóri
Ólafur Guðmundsson, fagsviðsstjóri
Sumarliði Óskarsson, sérfræðingur
Stefán Vilhjálmsson, kjötmatsmaður

GULLBRINGU- OG KJÓSARUMDÆMI

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir

Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir
Bergþóra Eiríksdóttir,
ftirlitsdýral./sérgreinadýral.
Hrund Lárusdóttir, eftirlitsdýral./sérgreinadýral.
Tómas Jónsson, eftirlitsdýralæknir

AUSTURLANDSUMDÆMI SYÐRA

Hákon Ingvi Hansson, héraðsdýralæknir

AUSTURLANDSUMDÆMI NYÐRA

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir
Freydís Dana Sigurðardóttir, héraðsdýralæknir

BORGARFJARÐAR- OG MÝRARUMDÆMI

Gunnar Gauti Gunnarsson, héraðsdýralæknir

SNÆFELLSNESUMDÆMI

Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir

DALAUMDÆMI

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, héraðsdýralæknir

VESTFJARÐAUMDÆMI

Sigríður I. Sigurjónsdóttir, héraðsdýralæknir

VESTUR-HÚNAÞINGSUMDÆMI

Ingunn Reynisdóttir, héraðsdýralæknir

AUSTUR-HÚNAÞINGSUMDÆMI

Egill Þorri Steingrímsson, héraðsdýralæknir

SKAGAFJARÐAR- OG EYJAFJARÐARUMDÆMI

Ármann Gunnarsson, héraðsdýralæknir
Bára Eyfjörð Heimisdóttir, eftirlitsdýralæknir
Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir

ÞINGEYJARUMDÆMI

Bárður Guðmundsson, héraðsdýralæknir
Vignir Sigurólason, héraðsdýralæknir

AUSTUR-SKAFTAFELLSUJDÆMI

Kjartan Hreinsson, héraðsdýralæknir

VESTUR-SKAFTAFELLSUJDÆMI

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir

SUÐURLANDSUMDÆMI

Katrín H. Andrésdóttir, héraðsdýralæknir
Brigitte Brugger, eftirlitsdýralæknir
Svava Sigurðardóttir, eftirlitsdýralæknir